



CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radióamatörar

2. tbl. 2023 apríl



Frá stjórnarskiptafundi og fyrsta fundi nýrrar stjórnar ÍRA starfsárið 2023/24 sem haldinn var í Skeljanesi 2. mars 2023. Frá vinstri: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður; Njáll H. Hilmarsson TF3NH meðstjórnandi; Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður; Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður; Jónas Bjarnason TF3JB formaður; Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri; Georg Kulp TF3GZ ritari og Guðmundur Sigurðsson TF3GS fráfarandi stjórnarmaður. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

MEÐAL EFNIS:

- Félagsstarfið í Skeljanesi
- Aðalfundur ÍRA 2023
- Delta lykkja fyrir 10 m bandið
- Þættir í þróun amatörradíós
- Helstu DX keppnir í maí-júlí

Á DÖFINNI:

- Ný vetrardagskrá 6. mars–25. maí
- Páskaleikar ÍRA 7.–9. apríl
- TF3WARD 18. apríl
- Flóamarkaður að vori 7. maí
- Næsti skilafrestur efnis í CQ TF: 2. júlí 2023

Félagið Íslenskir radióamatörar

Félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radióamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Fjarskiptastofu um málefni radióamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radióamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norræna landsfélaga, NRAU.

ÍRA hefur opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07'33"N, 21°56'58"W. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2022–2023 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Andrés Þórarinnsson	TF3AM
Ritari:	Georg Kulp	TF3GZ
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Njáll H. Hilmarsson	TF3NH
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til ÍRA og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radióamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radióamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2022–2023 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru apríl, júlí, október 2022 og janúar 2023.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa tölublaðs er Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra	3
Frá formanni...	4
Félagsstarfið í janúar, febrúar og mars	6
Fundargerð aðalfundar ÍRA 2023	24
Delta lykkja fyrir 10 m bandið	26
Þættir í þróun amatörradíós	30
Bókahorn ÍRA	39
Viðurkenningar radióamatöra	40
ÍRA; starfstímabilið 2022/23	41
Helstu DX keppnir 2023; maí-júlí	43
Páskaleikar ÍRA 2023	43
Vetrardagskrá ÍRA mars-maí 2023	44



vodafone

Styrkir starfsemi ÍRA

Hvað er amatör radió?

Radióamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radióamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radió á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radióamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmiðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarahlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öflugra senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radióamatöra.

Radióamatörar hafa hannað og smíðað gevinnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radiósendingar til fjarlæggra heimshluta. Þekking radióamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Áhugamál okkar, amatör radió nær yfir mörg svið mannlífsins, a.m.k. hef ég haft þá tilhneigingu að skilgreina það vítt. Það þýðir að við sinnum áhugamálinu þegar við t.d. sjóðum saman einingar til að byggja turn eins og TF2LL lýsti svo skemmtilega í seinasta blaði. Það þýðir líka að við sinnum áhugamálinu þegar við setjum saman hljóðtíðnimagnara og hátalara sem við notum til að spila tónlist í stofunni eða forritum smátölvu sem kveikir ljós hjá okkur þegar köttur er við útidyrnar. Þau sem hafa áhuga á radiótækni hafa iðulega miklu viðtækari tæknilegan áhuga og það er að mínu mati jákvætt að flokka önnur svið tækninnar undir amatör radió.

Ekki má heldur gleyma því að okkar áhugamál nær yfir fleira en tækni og eru mannleg samskipti dæmi um það. Margir amatörar hafa yndi af því að spjalla við aðra amatöra, oftast í loftinu en einnig á fundum í amatörafélögum eins og ÍRA. Þau sem taka þátt í félagslífi amatöra hljóta að teljast virkir amatörar þótt þau séu e.t.v. lítið í loftinu.

Þessar vangaveltur tengjast þeim áherslum sem alþjóðasamtök radióamatöra, IARU hafa sett um framtíð amatör radiós og TF3KB hefur lýsti í ræðu og riti, þ. á m. í seinasta CQ TF. Þar er eitt höfuðmarkmiðið IARU að „Amatörradió sé vettvangur sem styðji sjálfsþroska og afburði í fjarskiptum og tækni og eflingu STEM hæfni (STEM „Science, Technology, Engineering & Mathematics,“ sem er þekkt hugmyndafræði, sem leggur áherslu á eflingu þekkingar í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði, einkum meðal ungs fólks)“. Í þessu blaði heldur TF3KB áfram að fjalla um þróun amatör radiós og skyggnist bæði aftur í tímann og inn í framtíðina.

Í seinasta blaði varð mér tíðrætt um sólblettalotuna og að nú fari skilyrðin á stuttbylgju batnandi með hverjum degi.

Nú hegg ég aftur í sama knérunn. Gervigreind er nú að gera mjög vart við sig meðal almennings, t.d. með tilkomu nýrrar þjónustu sem kölluð er ChatGBT og er að finna vefsíðunni <https://chat.openai.com/chat>. Þarna er hægt að spyrja um allt milli himins og jarðar, t.d. um áhrif sólbletta á skilyrðin eða hvernig eigi að undirbúa ferð til Ísraels. Auk þess bærust nýlega fréttir af því að íslenska sé annað tungumálið sem ChatGBT styður.

Ég prófaði því að spyrja um skilyrðin á 10 m bandinu bæði á ensku og íslensku. Svörin voru afar ólík, því miður voru svörin á íslensku svo léleg að þau eru ekki hafandi eftir. Hins vegar voru svörin á ensku mjög sannfærandi. Ég snaraði þeim því yfir á íslensku. Erindi mitt til ChatGBT var (þýtt úr ensku):

“Hvernig eru skilyrðin á 10 m amatörabandinu? “

Svarið var (þýtt úr ensku yfir á íslensku):

„10 metra eða 28 MHz amatörabandið er hluti af stuttbylgjunni (HF) og verður fyrir áhrifum nokkurra þátta, t.d. virkni sólar, árstíma, tíma dags og stað. Þegar virkni sólar er mikil er jónahvolfið virkara og getur endurkastað merkjum betur sem þýðir að merki berast lengri leiðir. Þetta þýðir að skilyrðin á 10 metra bandinu geta verið betri í mikilli sólvirkni og verri í lítilli sólvirkni. Hins vegar hafa lög jónahvolfsins einnig áhrif á þetta band, þ.e. hæð þeirra og jónunarstyrkur sem breytast eftir tíma dags og árstíma. Almennast er bandið betra við dagsbirtu og að sumri þegar sólin er hærra á lofti og jónahvolfið er virkara. Til viðbótar fara skilyrðin á bandinu líka eftir því hvar radióstöðvarnar eru enda er ástand jónahvolfsins breytilegt eftir því hvort menn eru á norður- eða suðurhveli og því hve nálægt miðbaug þeir eru. Almennast eru skilyrðin á 10 m bandinu mjög breytileg og geta breyst hratt, en þau geta verið mjög góð þegar mikil sólvirkni er og að sumri, einkum við dagsbirtu“.

Þetta verður að teljast nokkuð gott svar. Fleiri síður bætast nú í þennan hóp. Nýlega kom leitarvél Microsoft, Bing fram með svipaða þjónustu. Til að nýta hana er farið inn á www.bing.com og valið „Chat“. Þar komu styttri svör en þeim fylgdi heimildalisti. Dæmi um heimild var www.hamradioschool.com sem þau geta nýtt sér sem vilja stunda sjálfsnám til að búa sig undir amatörpróf.

Njótið þess vel að lesa þetta CQ TF.

73 de Sæmi, TF3UA

Jónas Bjarnason, TF3JB

A man in a dark hoodie and white shirt is speaking at a wooden podium. He is holding a piece of paper. To his left is a large white banner with the text 'Íslenskir radioamatörar' at the top, a diamond-shaped logo in the center containing the letters 'i', 'R', 'S', and 'A', and the text 'Stofnað 14. ágúst 1946' at the bottom. The background is a plain wall.

Vel tókst til með skipan embættismanna fundarins, þeirra Vilhjálmss Í. Sigurjónssonar, TF3VS fundarstjóra og Sæmundar E. Þorsteinssonar, TF3UA fundarritara.



Ársskýrsla ÍRA fyrir starfsárið 2022/23. Skýrslan ber vott um lifandi og fjölbætt félagsstarf, sem var fljótt að taka við sér eftir að opinberum sóttvarnaaðgerðum var hætt í lok febrúar 2022. Að venju var ársskýrslan lögð fram á prentuðu formi. Hún skiptist í 15 kafla og tvo

Mikil ánægja er með nýja **vetrardagskrá félagsins** sem hófst 9. mars og lýkur 25. maí og er birt á baksíðu þessa blaðs. Alls verða 20 viðburðir í boði í flutningi 16 félagsmanna. Þetta eru alls 8 erindi, 5 laugardagsopnanir, sunnudagsopnun, 3 námskeið og myndakvöld, auk þess sem páskaleikarnir koma inn (7.-9.

[illegible]

Aðrir fjarskiptaviðburðir verða á sínum stað. *VHF/UHF leikarnir* 15.-16. júlí og *TF útileikarnir* 5.-7. ágúst. Vel tókst til með uppfærslu reglna fyrir

útileikana í fyrra (2022) en megin breytingin fólst í því að stytta tímabilið úr þremur í tvo sólarhringa. Einnig má til nefna *Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelgina* sem haldin verður 19.-20. ágúst.

Kallmerki félagsins sem verða virkjuð í þessum viðburðum og fleirum: TF3IRA (TF1IRA og TF8IRA um vitahelgina), TF3W, TF3HQ, TF3WARD og TF3YOTA. Kallmerkið TF3W er einkum virkjað í helstu alþjóðlegum keppnum, TF3WARD á alþjóðadag radióamatöra 18. apríl, TF3HQ í IARU HF World Championship 8.-9. júlí og TF3YOTA, m.a. í desembermánuði. Þess má geta, að uppfærslur voru gerðar í byrjun mars á vefsíðunni *QRZ.COM* fyrir öll kallmerki félagsins. Auk upplýsinga um félagið fylgja ljósmyndir úr félagsstarfinu.



Til stóð að halda námskeið til amatörprófs í Háskólanum í Reykjavík, stað- og fjarnámi vorið 2023 í mars-maí og enda með prófi Fjarskiptastofu til amatörleyfis þann 3. júní. Námskeiðið var vel kynnt, m.a. í 1. tbl. CQ TF sem kom út 22. janúar og eftir það í vefmiðlum félagsins. Því miður náðist ekki nægur fjöldi, en aðeins sex skráðu sig. Það er svipuð staða og kom upp fyrir tveimur árum (2021) þegar fresta þurfti námskeiði þar sem aðeins þrír skráðu sig.

Tilkynning var því sett á heimasíðu og FB síður 24. mars þar sem skýrt var frá því að stjórn félagsins hafi ákveðið að fresta námskeiðinu. Námskeið verður á ný í boði í október og verður byrjað að taka á móti skráningum 8. ágúst.



Námskeið til amatörprófs er stærsta verkefni sem ÍRA tekst á hendur hverju sinni. Lykillinn að farsælli framkvæmd er framúrskarandi góð samvinna við félagsmenn sem takast á hendur kennslu, velvild og stuðningur Háskólans í Reykjavík sem hefur veitt félaginu aðgang að kennslurými frá árinu 2013 og frábær samvinna við Fjarskiptastofu, þegar kemur að prófi til amatörleyfis.

Prófnefnd ÍRA kemur að og hefur umsjón með náms efni, gerir tillögu um prófspurningar til Fjarskiptastofu og annast yfirferð prófurlausna ásamt fulltrúa stofnunarinnar á prófdegi. Umsjónarmaður námskeiða annast uppsetningu og skipulag námskeiðs í samráði við Prófnefnd ásamt því að útvega kennara og annast fjölföldun efnis og dreifingu til þátttakenda í stað- og fjarnámi.



Svipmynd frá prófi til amatörleyfis sem ÍRA ásamt Fjarskiptastofu hélt í húsakynnum Háskólans í Reykjavík árið 2022.

Að auki kemur stjórn og einstakir stjórnarmenn að undirbúningi og framkvæmd námskeiðs eftir því sem umsjónarmaður kallar eftir. Fulltrúi Fjarskiptastofu setur fyrir próf stofnunarinnar til amatörleyfis á prófstað, leggur fyrir prófgögn og fer yfir úrlausnir ásamt Prófnefnd.

Innan stjórnar ÍRA hefur verið rætt um hugsanlegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi, m.a. með því að leggja aukna áherslu á sjálfsnám til prófundirbúnings. Ennfremur hefur verið rætt um að útbúa „námskeiðspakka“ á einskonar „Youtube“ formi til undirbúnings, þar sem gerðar verði vandaðar upptökur til grundvallar.

Alltaf kemur upp umræða um námskeiðsgjaldið sem er 22.500 krónur. Það jákvæða í þeim efnum er, að fræðslustyrkir stéttarfélaga og Vinnumálastofnunar hafa verið í boði til þeirra sem sækja námskeið til amatörprófs hjá félaginu.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir til félagsmanna fyrir góðan aðalfund 2023 og fyrir áframhaldandi stuðning í embætti formanns. Því fylgir góð tilfinning að fylgja verkefnum félagsins úr hlaði á nýju starfsári 2023/24.

Sérstakar þakkir til Georgs Magnússonar, TF2LL og Guðmundar Sigurðssonar, TF3GS sem létu af stjórnarstörfum á aðalfundi. Um leið vil ég bjóða Andrés Þórarinsson, TF1AM og Njál H. Hilmarsson, TF3NY velkomna til starfa sem varaformann og meðstjórnanda í stjórn félagsins.

*Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA*



Félagsstarfið í janúar, febrúar og mars

Í umsjón stjórnar ÍRA

Þegar þetta er skrifað þann 2. apríl 2023 eru liðnir nær þrír mánuði frá því síðasta félagsblað kom út þann 22. janúar. Margt áhugavert hefur gerst í starfinu á þessum tíma og verður leitast við að gera grein fyrir því helsta hér á eftir, að mestu í tímaröð.

6. og 13. jan. – Kallað eftir efni í 1. tbl. CQ TF 2023. Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA ritstjóri kallaði eftir efni í nýtt tölublað þann 6. janúar og aftur viku síðar, 13. janúar. Hann vakti athygli á að frestur til að senda efni í næsta tölublað væri til 15. janúar.

Sæmundur TF3UA.



4. jan. – ARRL RTTY Roundup keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með kynningu á ARRL RTTY Roundup keppninni 2023:



ARRL RTTY Round-up keppnin fer fram helgina 7.-8. janúar. Þetta er 30 klst. keppni sem hefst á laugardag kl. 18:00 og lýkur á sunnudag kl. 24:00. Einmenningstöðvar geta keppt mest [samtals] í 24 klst.

Þetta er keppni þar sem allir hafa samband við alla, hvar sem er í heiminum. Hafa má samband einu sinni við hverja stöð á bandi. Bönd: 80-40-20-15 og 10 metrar.

Skilaboð eru RST og raðnúmer, en W-stöðvar senda RST og ríki í Bandaríkjunum og VE-stöðvar RST og fylki í Kanada. Sjá nánar upplýsingar um stig og margfaldar í keppnisreglum. Senda þarf keppnisgögn innan 7 sólarhringa frá því keppni lýkur.

<https://contests.arrl.org/ContestRules/RTTY-RU-Rules.pdf>

<http://www.arrl.org/rtty-roundup>

9. jan. – Nordic Baltic keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með kynningu á Nordic Baltic keppninni 2023.



Samtök norrænna landsfélaga radióamatöra (Nordisk Radio Amatør Union, NRAU) gangast fyrir tveimur virknikeppnum sunnudaginn 15. janúar.

Þetta er 2 klst. viðburður; á 80 metrum og 40 metrum.

SSB keppnin fer fram kl. 06:30-08:30; og

CW keppnin fer fram 09:00-11:00.

Þetta eru keppnir á milli Norðurlandanna (JW, JX, LA, OH, OH0, OJ0, OX, OY, OZ, SM, TF) og Eystrasaltslandanna (ES, LY, YL).

Í hugum flestra íslenskra radióamatöra er NRAU e.t.v. þekktast fyrir að standa fyrir Scandinavian Activity Contest (SAC) keppnunum. En NRAU-Baltic keppnir og NRAU-Activity keppnir (NAC) eru þar til viðbótar.

Keppnisreglur: <https://www.nraubaltic.eu/>

12. jan. – Opið hús í Skeljanesi.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 12. janúar.



Skeljanesi 12. janúar. Mathías Hagvaag TF3MH, Benedikt Sveinsson TF3T, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Einar Kjartansson TF3EK, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Sveinn Goði Sveinsson, TF3ID.

Sérstakir gestir félagsins voru þau Hansi Reiser, DL9RDZ og XYL Fiona Reiser, CT2KJT. Hann hefur verið búsettur hér á landi í rúmt ár og hefur heimsótt



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Fiona Reiser CT2KJT, Hansi Reiser DL9RDZ, Njáll H. Hilmarsson TF3NH og Mathías Hagvaag TF3MH.

okkur áður en nú er Fiona einnig flutt til Íslands. Hún hefur mikinn áhuga á tækninni eins og Hansi og var mjög hrifin af aðstöðu félagsins í Skeljanesi. Þau hafa bæði áhuga á að sækja um íslensk kallmerki.

Mikið var rætt um tæki og búnað yfir kaffinu, m.a. um QO-100 gervitunglið sem sendir merki á 10.489 GHz. Ari Þórólfur, TF1A sagði m.a. frá áhugaverðum tíðnibreyti sem nú er fáanlegur á 1500 krónur hjá Öreind (breytir 10.489 GHz niður í 740 MHz). Fram



Beðið eftir kaffinu. Mathías Hagvaag TF3MH, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

kom, að vinsælt er að nota forritið „SDR Console“ (sem er frítt forrit) til að stýra breytinum. Alls mættu 17 félagar og 2 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í hægletis vetrarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

17. jan. – Hungarian DX keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með kynningu á Hungarian DX keppninni 2023:

Hungarian DX keppnin verður haldin 21.-22. janúar.

Keppnin fer fram morsi og tali á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum. Öll sambönd gilda og í boði eru 16 keppnisflokkar.

QSO punktar: 2 fyrir QSO innan EU, 5 utan og 10 fyrir QSO við HA stöðvar. Ef þátttaka er bæði á SSB og CW fást QSO punktar fyrir hvora tegund útgeislunar.



Margfaldarar eru einingar (lönd) samkvæmt DXCC og WAE listum og sýslur í Ungverjalandi (BA, BE, BN, BO, BP, CS, FE, GY, HB, HE, SZ, KO, NG, PE, SO, SA, TO, VA, VE, ZA) á hverju bandi, burtséð frá tegund útgeislunar. Skila þarf keppdagbókum innan 5 daga eftir að keppni lýkur.

<http://ha-dx.com/en/contest-rules>

<https://ha-dx.com/en/submit-log>

19. jan. – Lokað í Skeljanesi.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 19. janúar:

Af óviðráðanlegum ástæðum verður félagsaðstaðan í Skeljanesi lokað í kvöld, fimmtudaginn 19. janúar.

Ástæða er bilun í heitavatslögn sem uppgötvaðist í dag laust fyrir kl. 15.

Óljóst er hvort fresta þarf áður auglýstri opnun á laugardag.

Stjórn ÍRA.

20. jan. – Skeljanes.



Í ljós kom 20. janúar að það hafi, í vangáti, verið skrífað fyrir heita vatnið til okkar í húsnæði Tækniskólans, sem er með húsnæði um 90 metrum norðan við húsið. Heita vatnið er á sömu vatnslögn og skólinn og kemur þar í gegn til okkar og í skemmurnar og húsin í portinu.

21. jan. – Skemmtilegur laugardagur í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A var með frábæra kynningu á Es'hail 2 / QO-100 gervitunglinu í Skeljanesi laugardaginn 21. janúar þar sem hann kynnti ódýrar lausnir til viðtöku merkja frá tunglinu.



Ari Þórólfur TF1A flutti stuttan inngang og kynnti QO-100 gervitunglið. Frá vinstri: Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Andrés Þórarinnsson TF1AM, Karl Georg Karlsson TF3CZ, Jóhannes Magnússon TF3JM, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



Ari sagði okkur m.a. frá því hvernig hann finnur merkin frá QO-100 þegar hann ferðast um landið. Mathías Hagvaag TF3MH, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Erling Guðnason TF3E, Andrés Þórarinnsson TF1AM, Karl Georg Karlsson TF3CZ, Jóhannes Magnússon TF3JM og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Ari kom með eigin búnað sem hann notar þegar hann ferðast um landið og hefur sambönd um QO-100 og var 90cm diskloftnet sett upp á standi við glugga (í austurhluta salarins) í Skeljanesi.



Ari fjallaði m.a. um mismunandi diskloftnet og mismunandi gerðir LNB (Low Noise Block Downconverter) sem er hluti af loftnetinu og er staðsett fyrir framan diskinn.


Ari flutti stuttan inngang um tunglið. Fram kom m.a. að í næsta mánuði verða komin 4 ár síðan frá því opnað var fyrir fjarskipti radióamatöra, en tunglinu var skotið á loft í nóvember 2018. Tunglið er á



Ari setur upp og tengir LNB við diskinn. Hann fjallaði m.a. um að halla þarf LNB'inu til að fá sem sterkast merki.

sístöðubraut (e. geostationary). Það þýðir að það er ætíð á sama stað séð frá jörðu og geta leyfishafar því stundað fjarskipti allar sólarhringinn u.þ.b. frá hálfum hnettinum. Sendingar eru á 2400 MHz (e. uplink) og hlustun er á 10450 MHz (e. downlink).

AMSAT QO-100 / P4A NB Transponder Bandplan



Tvö tæki eru í boði (e. linear transponders); 250 kHz á lóðréttri pólun (12VDC) fyrir bandþrengri sendingar (t.d. CW, FT8 og SSB) og 8 MHz á láréttri pólun (18VDC) fyrir bandbreiðari sendingar (t.d. AM, FM, D-Star, stafrænt sjónvarp, DVB o.fl.). Ari nefndi, að QO-100 sendir út DVB-S2 sjónvarpsmerki allan sólarhringinn sem notast m.a. til að staðsetja gervitunglið og stilla loftnet.

Ari fjallaði einnig um búnaðinn. Fram kom, að hægt er að komast af með um 5 þúsund krónur fyrir búnað og að diskloftnet kostar um 10 þúsund krónur. Hann sýndi okkur m.a. eigið ferðaloftnet og notaði mælitæki (sjá mynd) til að finna ca. stefnuna og merkin frá QO-100 gervitunglinu. En þægilegt er að finna fyrst t.d. sjónvarpsmerkin á 28.2° austur og þá er eftirleikurinn auðveldur.

Eftir kaffi var farið upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA og gervihnattastöð félagsins gangsett, en þar voru merki dauf enda kom í ljós að rigningarvatn hafði komist LNB á diskneti stöðvarinnar. Engu að síður var hægt að átta sig á merkjum og áhugavert að sjá merkin á 27° tölvuskjá.



Eftir kaffi var farið upp í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Semilegt merki birtust á 27° tölvuskjám, en Ari sagði að merkin ættu að vera mun sterkari. Enda kom í ljós að LNB stöðvarinnar var ekki í lagi.

Bestu þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir afar áhugaverðan, fróðlegan og vel heppnaðan laugardag. Alls mættu 12 félagsmenn og 1 gestur á kynninguna í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

22. jan. – Nýtt CQ TF, 1. tbl. 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með tilkynningu um útkomu 1. tölublaðs CQ TF 2023, en blaðið kom út á heimasíðu ÍRA sunnudaginn 22. janúar. Í framhaldi voru sendir tölvupóstar til félagsmanna með vefslóð á nýja blaðið:

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2023/01/CQTF-2023-1.pdf>

Meðal efnis í blaðinu, auk greina frá ritstjóra og formanni:

- o Félagsstarfið í Skeljanesi.
- o CQ WPX viðurkenningarnar.
- o Nýr loftnetsturn TF2LL.
- o Félagsfundir ÍRA 2022; fundargerðir.
- o Sendastöðin á Rjúpnahæð.
- o Frá jólakaffi ÍRA 2022.
- o Tilnefning ÍRA til viðurkenningar fyrir vísindamiðlun.
- o ÍRA; starfstímabilið 2022/23.
- o Bókahorn ÍRA.
- o Viðurkenningar radióamatöra.
- o Helstu DX keppnir í febrúar-apríl 2023.
- o Aðalfundur ÍRA 2023.



Blaðið var alls 56 blaðsíður að stærð.

22. jan. – Fjarskiptadagbækur uppfærðar.

Fjarskiptadagbækur fyrir 2023 voru framleiddar fyrir hvert fjarskiptaborð í fjarskiptaherbergi ÍRA 21. janúar.

Alltaf er eitthvað um að að félagsmenn og gestir kjósi að „logga“ á pappír þrátt fyrir að rafrænar dagbækur standi til boða við hvert fjarskiptaborð.

**23. jan. – WAE RTTY keppnin 2022, úrslit.**

Worked All Europe (WAE) RTTY keppnin var haldin 12.-13. nóvember. Send voru keppnisgögn fyrir 5 TF kallmerki. Íslensku stöðvarnar kepptu allar í einmenningsflokki á lágafla. Úrslit eru eftirfarandi:

- TF3AO – 166.914 heildarpunktar – 75. sæti.
- TF2MSN – 104.992 heildarpunktar – 132. sæti.
- TF2CT – 10.274 heildarpunktar – 166. sæti.
- TF3IRA – 2.914 heildarpunktar – 183. sæti.
- TF3PPN – 68.928 heildarpunktar – 186. sæti.

Í keppninni 2021 voru send inn keppnisgögn fyrir 4 TF kallmerki: TF2CT, TF2MSN, TF3AO og TF3PPN.

23. jan. – Alþjóðlegar keppnir helgina 28.-29. jan.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með upplýsingum um alþjóðlegar keppnir í boði helgina 28.-29. janúar á CW, RTTY og SSB:

CQ 160 m CW keppnin: 27.-29. janúar. Hefst kl. 22 [á föstudag], endar kl. 22 á sunnudag.

Keppnisreglur: <https://www.cq160.com/rules.htm>

Bent er á að sækja má um tímabundna aukna tíðniheimild (1850-1900 kHz) og aukna aflheimild 1kW (G-leyfishafar) til FST; netfang: hrh@fjarskiptastofa.is

REF CW keppnin: 28.-29. janúar. Hefst kl. 06, endar kl. 18 á sunnudag.


Reglur: https://concours.r-e-f.org/reglements/actuels/reg_cdfhfdx.pdf

BARTG RTTY keppnin: 28.-29. janúar. Hefst kl. 12, endar kl. 12 á sunnudag.

Reglur: <https://bartg.org.uk/wp/bartg-sprint-contest/>

UBA SSB keppnin: 28.-29. janúar. Hefst kl. 13, endar kl. 13 á sunnudag.

Reglur: <https://www.uba.be/en/hf/contest-rules/uba-dx-contest-rules>

**26. jan. – Opið hús í Skeljanesi.**

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 26. janúar.

Sérstakur gestur okkar var Erik Finskas, OH2LAK/TF3EY sem er búsettur í Mankaa í Espoo í Finnlandi.



Mathías Hagvaag TF3MH og Erik Finskas OH2LAK / TF3EY.
Fjær: Jón Björnsson TF3PW.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH kom færandi hendi með gjöf til félagsins sem er plakat með mynd af jörðunni (e. great circle map) með áttarhornum og er



Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Benedikt Sveinsson TF3T og Jón E. Guðmundsson TF8KW.

miðjan Reykjavík. Heiti á þjóðlöndum eru innsett á íslensku. Bestu þakkir til Njáls fyrir hugulsemina og gott framtak. Hann er tilbúinn til að útvega fleiri eintök ef félagarnir hafa áhuga en framleiðslukostnaður er fimm þúsund krónur.



Jón Björnsson TF3PW og Björgvin Víglundsson TF3BOI.




Jón Björnsson TF3PW, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Þorvaldur Bjarnason TF3TB. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls mættu 18 félagar og 2 gestir þetta ágæta fimmtudagskvöld í léttri rigningu í vesturbænum í Reykjavík.

27. jan. – Aðalfundarboð 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 27. janúar með fundarboði aðalfundar ÍRA 2023:



Kortið sem TF3NH færði félaginu að gjöf þetta fimmtudagskvöld sýnir áttarhorn út frá Reykjavík, sem er miðpunktur kortsins.



Ágæti félagsmaður!

Með tilvísan til 17. gr. félagslaga, er hér með boðað til aðalfundar ÍRA sunnudaginn 19. febrúar 2023.

Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík og hefst stundvíslega kl. 14:00.


Dagskrá er samkvæmt 19. gr. félagslaga.

Reykjavík 27. janúar 2023,
fyrir hönd stjórnar ÍRA,
Jónas Bjarnason, TF3JB,
formaður



31. jan. – EUDX keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 31. janúar til kynningar á alþjóðlegu EUDX keppni ársins:



EUDXCC (European Contest Club) boðar til 3. alþjóðlegu European Union DX keppninnar 2023.

Keppnin er opin radióamatörum um allan heim og fer fram á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á tali (SSB) og morsi (CW) helgina 4.-5. febrúar. Hún hefst kl. 12 á hádegis á laugardag og lýkur kl. 12 á hádegis á sunnudag.

- Stöðvar í ESB senda: RS(T) + 2 bókstafi og 2 tölustafi (sem tákna land og hérað í ESB) en TF stöðvar senda: RS(T) + ITU svæði (TF er í ITU svæði 17).
- Punktagjöf: QSO við stöðvar í löndum ESB=10; QSO innan TF=2; QSO við stöðvar í öðrum löndum í Evrópu=3; og sambönd við stöðvar í öðrum löndum heimsins=5 punktar.

- Margfaldarar: Fyrir hvert samband við stöð í ESB á hverju bandi = 1.
Fyrir hvert samband við stöð á DXCC/WAE listum + IG9/IH9 á hverju bandi = 1.

Ath. að skoða í reglunum kóða fyrir stöðvar í löndum sem tengjast ESB löndunum Danmörku, Frakklandi og Hollandi, t.d. DK06 fyrir Færeyjar og Grænland; FR20 fyrir Frönsku Polynesíu og NL13 fyrir Aruba, o.fl. Frestur til að skila keppnisgögnum er til kl. 12 á hádegi 12. febrúar.

Keppnisreglur: <https://www.eudx-contest.com/rules/>

1. feb. – TF3JB fær WPX Award of Excellence.

Jónas Bjarnason, TF3JB hefur fengið í hendur WPX AWARD OF EXCELLENCE viðurkenningu frá CQ tímaritinu. Viðurkenningin er dagsett 30. september 2022 en barst hingað til lands 1. febrúar 2023.



WPX Award of Excellence er æðsta viðurkenningin sem er í boði í WPX viðurkenningapakka CQ tímaritsins. Kröfurnar eru eftirfarandi: 1000 forskeyti MIXED og 600 forskeyti SSB og 600 forskeyti CW og að auki, allar sex meginlandauppfærslur og öll fimm HF bönd (80, 40, 20, 15 og 10 metrar). Sérstakir uppfærsluborðar (e. endorsement bars) eru fáanlegir fyrir DIGITAL, 160, 60, 30, 17, 12 og 6 metra böndin.

Bent er á grein í CQ TF, 1. tbl. 2023 um WPX viðurkenningarnar (bls. 32). Vefslóð á blaðið:

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2023/01/CQTF-2023-1.pdf>

Tveir aðrir leyfishafar hér á landi eru jafnframt handhafar WPX Award Of Excellence, þeir Yngvi Harðarson, TF3Y og Guðlaugur Jónsson, TF8GX.

Hamingjuóskir til TF3JB frá stjórn ÍRA.

Umsókn TF3JB um WPX Award of Excellence.

FORSKEYTI	LÁGMARKSFJÖLDI	FJÖLDI TF3JB
Mixed mode	1000	2905
SSB	600	1384
CW	600	2157
Meginlandauppfærslur		
Norður-Ameríka	160	897
Suður-Ameríka	95	156
Evrópa	160	1411
Afríka	90	102
Asía	75	295
Eyjaálfa	60	62
Uppfærslur á 80-10 metrum (aðrar en WARC bönd)		
3.5 MHz	175	689
7 MHz	250	733

14 MHz	300	2322
21 MHz	300	920
28 MHz	300	857
Sérstakir uppfærsluborðar fyrir Digital, 160, 30, 17, 12 og 6 metra		
Digital	600	1922
160 metrar	50	281
30 metrar	250	1646
17 metrar	300	1387
12 metrar	300	1005
6 metrar	250	419

2. feb. – Opið hús í Skeljanesi.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 2. febrúar. Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum.



Skeljanesi 2. febrúar. Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Mathías Hagvaag TF3MH, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Georg Kulp TF3GZ, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Albert Flower III N1MXO (bak í myndavél) og Erik Finskas OH2LAK/TF3EY.

Sérstakir gestir okkar voru Erik Finskas, OH2LAK (TF3EY) frá Mankkaa í Espoo í Finnlandi og Albert (Bert) Flower III, N1MXO frá Nantucket í Massachusetts í Bandaríkjunum.



Benedikt Sveinsson TF3T, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Guðmundur Birgir Pálsson TF3AK, Georg Kulp TF3GZ, Pier Albert Kaspersma TF3KPN, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Mathías Hagvaag TF3MH, Albert Flower III N1MXO (fyrir enda borðs), Erik Finskas TF3EY og Óskar Sverrisson TF3DC.



Frá vinstri: Albert Flower III N1MXO, Jónas Bjarnason TF3JB (fjær), Mathías Hagvaag TF3MH, Benedikt Sveinsson TF3T og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Mikið var rætt um tækin, loftnet og annan búnað. Ennfremur um góð skilyrði á böndunum og um alþjóðlegar keppnir sem fram fóru um nýliðna helgi.

Erik og Benedikt tengdust FlexRadio Systems 6300 stöð Eriks sem sett var upp í fjarskiptaaðstöðu TF3T og TF3SG við TF3D á Stokkseyri í síðustu viku. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum voru menn áhugasamir þegar Benedikt var í sambandi við TF2MSN og TF3VE á 80 metrum um 6300 stöðina á Stokkseyri yfir netið í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A hafði fært í hús radiódót, m.a. kóaxkapla með N-tengjum, HF og VHF RF magnara (100 og 500W), Yaesu rótor með stýrikösum og margt fleira sem var vinsælt og gekk vel út. Alls mættu 22 félagar og 3 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld á miðvetri í vesturbænum í Reykjavík.



Hluti af radiódóti sem Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A færði féluginu nýlega. Ljósmyndir: TF3DC, TF3GZ og TF3JB.

4. feb. – TF3EY virkjaði TF3IRA.


Erik, TF3EY (OH2LAK) virkjaði félagsstöðina TF3IRA laugardaginn 4. febrúar.

Hann fór í loftið á 28, 21 og 14 MHz og hafði alls 125 sambönd á SSB við 15 DXCC einingar, þ.á.m. 33 ríki í Bandaríkjunum. Meðal þeirra var samband við radióamatör í Alaska. Um 90% af samböndunum voru höfð á 15 metrum á Hustler 4-BTV stangarloftneti félagsins.



Erik
TF3EY/OH2LAK í
fjarskiptaherbergi
TF3IRA í
Skeljanesi.

Skilyrðin voru ágæt og Erik endaði með því að hafa samband við N9AMI í Nevada á AM á 14 MHz.



Mynd úr fjarskiptaherbergi TF3IRA 4. febrúar. Ljósmynd: TF3EY.

Myndband Eriks frá Skeljanesi er á þessari vefslóð:

<https://youtu.be/dDM9yVu53DI>

5. feb. – Búri „tímabundið“ í Reykjavík.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður 5. febrúar:

Endurvarpinn TF1RPE á fjallinu Búrfelli (Búri) sem ekki hefur verið auðvelt að opna allsstaðar frá á höfuðborgarsvæðinu, var tengdur um hlekk frá félagsstöðinni TF3IRA í Skeljanesi í dag, sunnudaginn 5. febrúar. Tengingin er gerð í tilraunaskyni og til bráðabirgða og verður virk a.m.k. til næsta fimmtudagskvölds, 9. febrúar.

Félagið fékk að láni HYS stöð af gerðinni TC-8900R, sem er FM stöð með krossbandsgetu, m.a. á VHF og UHF. Stöðin er forrituð þannig, að þegar sent er út á 439.925 MHz (á Reykjavíkursvæðinu) tekur stöðin í Skeljanesi á móti sendingunni og áframsendir á 145.100



HYS TC-8900R VHF/UHF FM stöðin tengd í fjarskiptaaðstöðu ÍRA í Skeljanesi.



Georg Kulp TF3GZ
tengir stöðina í
fjaraskiptaherbergi
TF3IRA.

MHz, sem er inngangstíðni Búra á 2 metrum. Búri svarar síðan á 145.700 MHz. (Ath. ekki þarf tónkóðun þegar farið er inn á 70cm linkinn í Skeljanesi).

Samband við Búra er mjög gott frá Skeljanesi þar sem notað er VHF/UHF húsloftnet frá Diamond af gerðinni X-700HN.

Aðgangur að endurvarpanum TF1RPE er að öðru leyti óbreyttur fyrir þá sem geta opnað hann á tíðninni 145.700 MHz (-0,6 MHz) með 88,5Hz tónkóðun. Þakkir til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A fyrir áhugaverða hugmynd og til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir gott frumkvæði að lána stöð og forrita og fyrir uppsetningu í Skeljanesi. Félagsmenn eru hvattir til að gera tilraunir.



Skeljanesi síðdegis 5. febrúar. Georg Kulp TF3GZ fer yfir uppsetninguna og prófar með Ara Þórólfi Jóhannessyni TF1A. Ljósmyndir: TF3JB.

7. feb. – CQ WPX RTTY keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með kynningu á CQ WPX RTTY keppninni 2023:



CQ WPX RTTY Contest

CQ WPX RTTY keppnin verður haldin helgina 11.-12. febrúar n.k.

Þetta er tveggja sólarhringa keppni og er markmiðið að ná samböndum við eins margar aðrar stöðvar radióamatöra um heiminn með eins mörgum mismunandi forskeytum og frekast er unnt. Tíðnisviðin eru 3,5, 7, 14, 21 og 28 MHz.

QSO punktar: Sambönd við sömu stöð einu sinni á hverju tíðnisviði telja.

Sambönd við stöðvar utan Evrópu gefa 3 punkta á 28, 21 og 14 MHz og 6 punkta á 7 og 3,5 MHz. Sambönd við stöðvar innan Evrópu (aðrar en TF) gefa 2 punkta á 18, 21 og 14 MHz og 4 punkta á 7 og 3,5 MHz. Sambönd við aðrar TF stöðvar gefa 1 punkt á 28, 21 og 14 MHz en 2 punkta á 7 og 3,5 MHz.

Margfaldarar: Fjöldi forskeyta sem haft er samband við.

Hvert forskeyti gildir aðeins einu sinni, burtséð frá bandi eða fjölda sambanda. Sjá nánar í keppnisreglum.

Í keppninni í fyrra (2022) var skilað inn gögnum fyrir 8 TF kallmerki: TF1AM, TF2CT, TF2MSN, TF3AO, TF3PPN, TF3VE, TF3VS og TF8KY.

<https://www.cqwprrty.com/rules.htm>



7. feb. – Náttúruhamfarir í Tyrklandi og Sýrlandi.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður með tilkynningu til félagsmanna ÍRA:



NEYÐARFJARSKIPTI Í EVRÓPU ÁRÍÐANDI!

ÍRA hafa borist upplýsingar um sjö tíðnir á HF sem hefur verið teknar til notkunar fyrir neyðarfjarskipti radióamatöra, eftir að jarðskjálfti upp á 7,8 að stærð reið yfir suðurhluta Tyrklands s.l. nótt.

Staðfest eru yfir 5000 andlát en óttast er að enn fleiri hafi látist, bæði í Tyrklandi og nágrannaríkinu Sýrlandi.

160 metrar: 1.855 MHz / 80 metrar: 3.777 MHz / 40 metrar: 7.092 MHz / 20 metrar: 14.270 MHz / 15 metrar: 21.270 MHz / 17 metrar: 18.155 MHz / 10 metrar: 28.540 MHz.

Þess er farið á leit að íslenskir radióamatörar taki tillit til forgangsfjarskipta á þessum tíðnum (og nærri þeim).

Stjórn ÍRA.

<https://www.iau-r1.org/2023/turkiye-earthquake-6-february-2023/>

8. feb. – Stóru sýningarnar 2023.

Vegna fjölda fyrirspurna fylgja hér á eftir upplýsingar um stóru sýningarnar þrjár sem haldnar eru á árinu 2023 fyrir radióamatöra.



HAM RADIO
46. Internationale Amateurfunk-Ausstellung
23. – 25. Juni 2023
Messe Friedrichshafen


OFFIZIELLE PARTNER
BARC

Die Nr. 1 in Europa!

JARL Ham Fair 2023

HAM Fair 2023
**"Let's go for the new era of
 Amateur Radio!"**

http://www.ira.is/wp-content/uploads/2019/09/cqtf_33arg_2019_04tbl.pdf

[illegible]

Við stóra fundarborðið. Mathías Hagvaag TF3MH, Ársæll Óskarsson TF3AO, Georg Magnússon TF2LL og Heimir Konráðsson TF1EIN.



Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA skoða búnað TF3IRA sem notaður er til fjarskipta um QO-100 gervitunglið.

Það fréttist, að a.m.k. TF3SG hafi náð sambandi við leiðangurinn á morsi á 10 MHz sem er glæsilegur árangur!

Sigurður Harðarson, TF3WS hafði fært í hús fyrir opnun, ýmislegt radiódót sem komið var fyrir í ganginum niðri. Þakkir til Sigga fyrir hlýhug til félagsins.




Mark N1MXX og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG. Mark var þakklátur fyrir móttökur og sagðist hrfinn af starfsemi félagsins sem væri sambærileg við það besta sem hann þekkti til í Bandaríkjunum.

Alls mættu 16 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld á miðvetri í froststilltu veðri í vesturbænum í Reykjavík. Þakkir til Georgs Kulp, TF3GZ fyrir ljósmyndir.

11. feb. – Fjarfundur ÍRA og IARU Svæðis 1.

Fjarfundur ÍRA og IARU Svæðis 1 fór fram laugardaginn 11. febrúar. Þeir sem sátu fundinn voru Jónas Bjarnason, TF3JB formaður ÍRA og Kristján Benediktsson, TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA. Mats Espling, SM6EAN ritari IARU Svæðis 1 sat fundinn sem tengiliðar framkvæmdastjórnar Svæðis-1 við landsfélögin á Norðurlöndum.

Á fundinum var rætt um þá nýbreytni að halda samráðsfundi með aðildarfélögum og samþykkt að halda a.m.k. einn slíkan fund á ári.



Skjáskot frá samráðsfundi ÍRA og IARU Svæðis 1 laugardaginn 11. febrúar.

Þá voru rædd samskipti framkvæmdastjórnar og stjórnar ÍRA og var ánægja með þau á báða bóga. Ennfremur voru rædd samskiptin við stjórnvöld, en framundar er WRC (World Radio Conference) 20. nóvember til 15. desember n.k. og hefur ÍRA með höndum að kynna frumvörp IARU sem lögð verða fram á ráðstefnunni gagnvart Fjarskiptastofu (FST).

Auk annarra mála, var rætt um 26. ráðstefnu Svæðis 1 sem haldin verður í Zlatibor í Serbíu 1.-4. nóvember 2023. En fyrirhugað er að fulltrúi ÍRA á ráðstefnunni verði Kristján Benediktsson, TF3KB.

14. feb. – ARRL CW keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu ÍRA og FB síður til kynningar á ARRL morskeppninni 2023.

Morshluti ARRL International DX keppinnar 2023 verður haldinn um komandi helgi, 18.-19. febrúar. Keppnin stendur í tvo sólarhringa; hefst á miðnætti á laugardag og lýkur á sunnudagskvöld kl. 23:59.

Markmiðið er að hafa eins mörg QSO og mögulegt er á þessum tveimur sólarhringum við aðrar amatörstöðvar í Bandaríkjunum og Kanada. Mest er hægt að hafa 63 margfaldara á einu bandi.

Hvert ríki í Bandaríkjunum og hvert fylki í Kanada telja. Öll ríki í Bandaríkjunum gilda þannig sem margfaldarar (nema KH6 og KL7) en „District of Columbia, DC“ kemur inn sem margfaldari í keppninni.

Í Kanada gilda fylkin: NB (VE1, 9); NS (VE1); QC (VE2); ON (VE3); MB (VE4); SK (VE5); AB (VE6); BC (VE7); NWT (VE8); NF (VO1); LB (VO2); NU (VY0); YT (VY1); og PEI (VY2).

Frestur til að skila inn keppnisdagbókum er 7 sólarhringar eftir að keppni lýkur.

Vefslóð fyrir upplýsingar um keppnina og keppnisreglur: <http://www.arrl.org/arrl-dx>



15. feb. – CQ WPX RTTY keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 15. febrúar:

WPX RTTY keppnin var haldin helgina 11.-12. febrúar n.k. Keppnisgögnum var skilað inn 7 TF kallmerki sem kepptu í þremur flokkum:

TF1AM, einm.fl., háafl.

TF3T, einm.fl., háafl.

TF2MSN, einm.fl., lágafl.

TF3AO, einm.fl., lágafl.


TF3VE, einm.fl., lágafl.

TF2CT, einm.fl., QRP afl.

TF3IRA, viðmiðunardagbók (e. check-log).

Frestur til að skila keppnisgögnum rann út á miðnætti 17. febrúar.

Skilað var inn gögnum fyrir 8 TF kallmerki í fyrra (2022): TF1AM, TF2CT, TF3MSN, TF3AO, TF3PPN, TF3VE, TF3VS og TF8KY.

**16. feb. – Opið var í Skeljanesi 16. feb..**

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 16. febrúar. Skemmtilegt kvöld og góðar umræður á báðum hæðum. Sambönd voru höfð frá félagsstöðinni TF3IRA á 20M SSB, m.a. til Suður-Ameríku. Benedikt Sveinsson, TF3T hafði fartölvuna með sér og stjórnaði FlexRadio 6300 stöðinni frá TF3D á Stokkseyri á böndunum sbr. meðfylgjandi ljósmynd.



Skeljanesi 16. febrúar. Mathías Hagvaag TF3MH (fyrir enda borðs), Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Jón Björnsson TF3PW, Georg Kulp TF3GZ, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Benedikt Sveinsson TF3T, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Haukur Konráðsson TF3HK og Þorvaldur Bjarnason TF3TB.



Mathías Hagvaag TF3MH, Hans Konráð Kristjánsson TF3FG og Jón Björnsson TF3PW.

Ef marka má áhuga og umræður um loftnet, er kominn vortilfinning í menn enda daginn tekið verulega að lengja og skilyrðin batna með degi hverjum á hærri böndunum.

Töluvert var einnig rætt um DX-leiðangurinn til Bouvetøya, 3YØJ sem hafði alls um 19 þúsund sambönd.



Benedikt Sveinsson TF3T, Jón Björnsson TF3PW, Haukur Konráðsson TF3HK og Yngvi Harðarson, TF3Y. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls mættu 22 félagar í Skeljanesi þetta ágæta fimmtudagskvöld á miðvetri í frostlausu veðri í vesturbænum í Reykjavík.

19. feb. – Fréttir frá aðalfundi ÍRA 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 19. febrúar:

Aðalfundur ÍRA árið 2023 var haldinn 19. febrúar í fundarsal safnaðarheimilis Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík. Á fundinum fóru fram venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt félagslögum.

Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA, fundarritari. Alls sóttu 27 félagar fundinn.

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins fyrir starfstímabilið 2023/24:

- Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður (endurkjörinn).
- Jón Björnsson, TF3PW (kjörinn aðalmaður til 2 ára).
- Andrés Þórarinnsson, TF1AM (kjörinn aðalm. til 2 ára).

- Njáll H. Hilmarsson, TF3NH (kjörinn aðalmaður til 1 árs).
- Georg Kulp, TF3GZ (á seinna ári sem aðalmaður).
- Sæmundur Þorsteinsson TF3UA kjörinn varamaður.
- Heimir Konráðsson TF1EIN kjörinn varamaður.
- Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir þeir Haukur Konráðsson TF3HK og Yngvi Harðarson TF3Y og til vara, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Félagsgjald var samþykkt óbreytt kr. 7.000 fyrir árið 2023/24.

Stjórn mun skipta með sér verkum fljótlega.

Skýrsla stjórnar og önnur aðalfundargögn verða til birtingar innan tíðar á PDF formi á heimasíðu.



Frá aðalfundi ÍRA í safnaðarheimili Neskirkju í Reykjavík 19. febrúar 2023. Ljósmynd: TF3JB.

19. feb. – Aðalfundur ÍRA 2023, svipmyndir.



Aðalfundur ÍRA 2023 var haldinn í safnaðarheimili Neskirkju í Reykjavík 19. febrúar. Fundarstjóri var kjörinn Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og sést hann hér í ræðupólti.



Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA flutti framlagða skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022/23.



Kristinn Andersen TF3KX formaður Prófnefndar ÍRA flutti skýrslu um starfsemi nefndarinnar.



Kristján Benediktsson TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA flutti skýrslu um alþjóðamálin



Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri ÍRA flutti framlagðan ársreikning félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2022.



Anna Henriksdóttir TF3VB vakti athygli félagsmanna á 20 ára hátíðarkvöldverði SYLRA (Scandinavian YL Radio Amateurs) sem haldinn verður í Tivoli í Kaupmannahöfn 19. ágúst n.k..



Þórður Adolfsson TF3DT.



Guðrún Hannesdóttir
TF3GD, Vilhjálmur
Þór Kjartansson
TF3DX og Bernhard
M. Svavarsson TF3BS.



Frá vinstri: Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Bernhard M. Svavarsson TF3BS, Mathías Hagvaag TF3MH, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Þórður Adolfsson TF3DT, Erling Guðnason TF3E, Jón G. Guðmundsson TF3LM, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM og Njáll H. Hilmarsson TF3NH.

21. feb. – CQ WW SSB 160 metra keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimsíðu og FB síður 21. febrúar:

CQ World Wide 160 metra keppnin á SSB fer fram 24.-26. febrúar. Markmiðið er að ná eins mörgum samböndum og unnt er við aðrar stöðvar radióamatöra um allan heim.

QSO punktar:

- QSO við TF stöðvar 2 punktar; innan Evrópu 5 punktar; utan Evrópu 10 punktar og við /MM stöðvar 5 punktar.

Margfaldarar:

- Einingar á DXCC lista, lönd á WAE lista og ríki Bandaríkjanna og fylki Kanada.



Myndin var tekin í fjarskiptaaðstöðu TF3IRA í Skeljanesi.



Fremsta röð: Anna Henriksdóttir TF3VB og Hans Konrad Kristjánsson TF3FG.

Önnur röð: Benedikt Sveinsson TF3T, Mathías Hagvaag TF3MH, Þórður Adolfsson TF3DT, Jón G. Guðmundsson TF3LM, Eiður Kristinn Magnússon TF1EM og Njáll H. Hilmarsson TF3NH.

Þriðja röð: Sigmundur Karlsson TF3VE, Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID og Erling Guðnason TF3E.

Fjórða röð: Hinrik Vilhjálmsson TF3VH, Guðrún Hannesdóttir TF3GD, Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og Bernhard M. Svavarsson TF3BS. Þakkar til Jóns Svavarssonar TF3JON fyrir ljósmyndir.

- WAE listi: GM (Hjaltlandseyjar), IG9/IH9 (Lampedusa og Pantelleria eyjar), IT, JW (Bjarnareyja), TA1 (Evrópuhluti Tyrklands) og 4U1VIC.
- 48 ríki Bandaríkjanna (e. contiguous states) og „District of Columbia (DC)“.
- 14 fylki Kanada: VO1, VO2, NB, NS, PEI (VY2), VE2, VE3, VE4, VE5, VE6, VE7, VE8 (NWT), VY1 (YUK), VY0.

Leyfilegt tíðnisvið í keppninni á IARU Svæði 1 (okkarar svæði) er 1810-2000 kHz. Ath. að G-leyfishafar sem ætla að vinna á 1850-1900 kHz á fullu afli, þurfa að sækja um tíðni- og aflheimildir til Fjarskiptastofu (hrrh@fjarskiptastofa.is).

Keppnisreglur: <https://www.cq160.com/rules.htm>

21. feb. – Ársskýrsla stjórnar ÍRA 2022/23.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður 21. febrúar:

Aðalfundur ÍRA árið 2023 var haldinn 19. febrúar í safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg í Reykjavík.

Meðal gagna sem lögð voru fram á fundinum var skýrsla formanns um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Skýrslan var lögð fram á prentuðu formi. Hún skiptist í 15 kafla og tvo viðauka, auk formála og efnisyfirlits. Hún er alls 239 blaðsíður í A4 stærð.

Vefslóð á skýrsluna:

<http://www.ira.is/wp-content/uploads/2023/02/Arsskyrsla-2023.pdf>

Fundargerð, ljósmyndir og önnur aðalfundargögn verða til birtingar í 2. tbl. CQ TF sem kemur út 2. apríl n.k.

Gögn sem voru lögð fram í aðalfundarmöppu 19. febrúar ásamt skriffræm:

- 1) Dagskrá fundarins skv. 19. gr. félagslaga; sérprentun.
- 2) Skýrsla um starfsemi ÍRA 2022/23.
- 3) Áritaður ársreikningur félagssjóðs fyrir starfsárið 2022.
- 4) Lög ÍRA; sérprentun.
- 5) Skýrsla formanns Prófnefndar ÍRA um starfsemi nefndarinnar.



23. feb. – Opið var í Skeljanesi 23. feb.

Félagsaðstaðan í Skeljanesi var opin fimmtudaginn 23. febrúar.

Sérstakir gestir okkar voru þeir Arngrímur Jóhannsson, TF5AD frá Akureyri og James P. Kooistra, KB8VUC sem er búsettur Wayland í



Arngrímur Jóhannsson TF5AD og Sigurður Harðarson TF3WS.




James P. Kooistra KB8VUC og Ársæll Óskarsson TF3AO.



Frá vinstri: Mathías Hagvaag TF3MH, Benedikt Sveinsson TF3T, James P. Kooistra KB8VUC, Ársæll Óskarsson TF3AO, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Einar Kjartansson TF3EK og Sveinn Goði Sveinsson TF3ID.

Michiganríki í Bandaríkjunum. Góð mæting, umræður á báðum hæðum, menn hressir og TF3IRA var QRV á 20M SSB.



Mynd af tilkynningatöflu ÍRA. James, KB8VUC færði okkur bréf frá formanni Allegan County Amateur Radio Club í Michigan þar sem hann er félagi. Stjórn ÍRA þakkar góðar kveðjur og var James beðinn um að skila vinakveðjum frá radióamatörum á Íslandi þegar hann kemur aftur heim til Bandaríkjanna.

Mikið var rætt um HF stöðvar og nýjar VHF/UHF stöðvar. M.a. Elecraft K4D, FlexRadio 6600, Anan 8000DLE MK II og nýju Yaesu FTM-500DR bílstöðina. James, KB8VUC sagði okkur m.a. frá klúbbstarfsemi radióamatöra á því svæði sem hann býr í Michigan.



Sigurður Harðarson TF3WS (standandi), Einar Kjartansson TF3EK, Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Agúst H. Bjarnason TF3OM, Sveinn Goði Sveinsson TF3ID, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Mathías Hagvaag TF3M (fyrir enda borðs).

Alls mættu 30 félagar og 2 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld á Góu í mildu veðri í vesturbænum í Reykjavík.

24. feb. – CQ WPX RTTY keppnin 2023; bráðabirgðaniðurstöður.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður.

CQ WPX RTTY keppnin 2023 fór fram 11.-12. febrúar s.l. Keppnisgögn fyrir 7 TF kallmerki voru send inn, þar af 1 viðmiðunardagbók.

Bráðabirgðaniðurstöður (*e. raw scores*) liggja fyrir frá keppnisnefnd samkvæmt áætlaðri stöðu í viðkomandi keppnisflokki yfir heiminn og yfir Evrópu.

Einmenningsflokkur, öll bönd, háafl.

TF1AM – 2.596.854 heildarpunktar; nr. 31 yfir heiminn; nr. 14 í Evrópu.

TF3T – 1.665.860 heildarpunktar; nr. 75 yfir heiminn; nr. 32 í Evrópu.

Einmenningsflokkur, öll bönd, lágafl.

TF2MSN – 151.525 heildarpunktar; nr. 377 yfir heiminn; nr. 213 í Evrópu.

TF3VE – 85.462 heildarpunktar; nr. 553 yfir heiminn; Nr. 307 í Evrópu.

TF3AO – 84.669 heildarpunktar; nr. 556 yfir heiminn; nr. 310 í Evrópu.

QRP flokkur, öll bönd.

TF2CT – 4.820 heildarpunktar; nr. 55 yfir heiminn; nr. 32 í Evrópu.

Viðmiðunardagbók.

TF3IRA.

Hamingjuóskir til viðkomandi.

<https://cqwprrty.com/raw.htm>



Kort EI8IC sýnir svæðaskiptingu heimsins í 40 CQ svæði.

28. feb. – ARRL SSB keppnin 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður.

SSB hluti ARRL International DX keppninnar 2023 verður haldinn 4.-5. mars n.k. Keppnin stendur í tvo sólarhringa; hefst á miðnætti á laugardag og lýkur á sunnudagskvöld kl. 23:59.

Markmiðið er að hafa eins mörg QSO og mögulegt er við aðrar stöðvar radióamatöra í Bandaríkjunum og Kanada.

Hvert ríki í Bandaríkjunum og hvert fylki í Kanada telur. Öll ríki í Bandaríkjunum gilda þannig sem margfaldarar (nema KH6 og KL7) en “District of Columbia, DC” kemur inn sem margfaldari í keppninni.

Í Kanada gilda fylkin: NB (VE1, 9); NS (VE1); QC (VE2); ON (VE3); MB (VE4); SK (VE5); AB (VE6); BC (VE7); NWT (VE8); NF (VO1); LB (VO2); NU (VY0); YT (VY1); og PEI (VY2).

Frestur til að skila inn keppnisdagbókum er 7 sólarhringar eftir að keppni lýkur.

Vefslóð fyrir upplýsingar um keppnina og keppnisreglur: <http://www.arri.org/arri-dx>



Myndin er af nýju Elecraft K4D 100W “All Mode” stöðinni sem vinnur á 160-6 metrum.

2. mars – Ný stjórn ÍRA 2023/24.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Ný stjórn félagsins, sem kjörin var á aðalfundi ÍRA 2023, kom saman á 1. fundi 2. mars og skipti með sér verkum. Skipan embætta starfsárið 2023/24 er eftirfarandi:

Jónas Bjarnason TF3JB, formaður.

Andrés Þórarinnsson, TF1AM varaformaður.

Georg Kulp, TF3GZ ritari.

Jón Björnsson TF3PW, gjaldkeri.

Njáll H. Hilmarsson, TF3NH meðstjórnandi.

Sæmundur Þorsteinsson TF3UA, varamaður.

Heimir Konráðsson TF1EIN, varamaður.

Stjórn ÍRA.



Frá stjórnarskiptafundi og fyrsta fundi nýrrar stjórnar ÍRA starfsárið 2023/24 sem haldinn var í Skeljanesi 2. mars 2023. Frá vinstri: Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varamaður, Njáll H. Hilmarsson TF3NH meðstjórnandi, Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður, Andrés Þórarinnsson TF1AM varaformaður, Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Georg Kulp TF3GZ ritari og Guðmundur Sigurðsson TF3GS fráfarandi stjórnarmaður. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

3. mars – Ný vetrardagskrá hefst 9. mars.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Ný vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið mars-maí 2023 er tilbúin.

Dagskráin hefst á myndakvöldi í Skeljanesi, fimmtudaginn 9. mars og lýkur með erindi fimmtudaginn 25. maí n.k.

Alls verða 20 viðburðir í boði í flutningi 16 félagsmanna. Um er að ræða 8 erindi, 5 laugardagsopnunar, sunnudagsopnun, 3 námskeið og myndakvöld, auk þess sem páskaleikarnir koma inn (7.-9. apríl) og flóamarkaður að vori (7. maí).

Þakkir til allra sem koma að verkefninu.

<https://tinyurl.com/vetrardagskr23>

[illegible]

¹ "Fyrstu skrefin" eru hugað yfir fyrir stíva sem eðli leyfðuðu sem öðla eftir stöðugt heilbrigðingum um hvernig best er að standa að því að fara í leikhúsi. Um er að ræða einkana með ryndum leyfðuðu sem kynni grundvallarlegt og fjöldi leifa. Markmiðið er að leyfðuðu öðru byggja í fjarlægð. Rætt er um hlutspáð og spurningum vinnu og að því hvernig færið í leikhúsi í fjarlægðarþyrngi hlutunum. Námsmiði er ennþá hugað yfir þá sem t.d. vilja komast í leikhúsi á FTH, RITTY o.fl. en vantar eða öðru. Heilbrigðingur: Tímaþættir og yfirlit er samkvæmt stærðri hlutunum og heilbrigðingur – en af því er á meðan hlutur annar, en það hefur. Skráning hjá Öskun Vinnu, THJÓD og síma 962-3151 og síma með tilvísun: öskun hjá internet.

5. mars – Opið var í Skeljanesi 2. mars.

Félagsaðstaða ÍRA í Skeljanesi var opin
fimmtudaginn 2. mars.



Semundur E. Þorsteinsson TF3UA og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Fjær: Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Björnsson TF3PW, Andrés Þórarinnsson TFIAM og Hrafnkell Sigurðsson TF8KY.

Umræður voru á báðum hæðum, menn hressir og TF3IRA var í loftinu á 40M CW og 20M SSB.

Mikið var rætt um loftnet og skilyrðin á böndunum. Rætt um DX-leiðangra, m.a. um 3B7M sem er QRV um þessar mundir frá Agalega og St. Brandon. En 3B7 er nr. 55 á lista ClubLog yfir eftirsóttustu DXCC einingarnar.



Jón Björnsson TF3PW, Andrés Þórarinnsson TF1AM og Hrafnkell Sigurðsson TF8KY.



Sigurður Smári Hreinsson TF8SM og Jón E. Guðmundsson TF8KW.



TF3JON og TF3NH mæla VHF tvíþól með nýjum NanoVNA loftnetsgreini Njáls. Ljósmyndir: TF3JB.

Alls mættu 27 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í mildu rigningarveðri í vesturbænum í Reykjavík.

**7. mars – Helstu alþjóðlegar keppnir helgina
11.-12. mars.**

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

YB DX RTTY keppnin fer fram 11. mars; hefst kl. 00:00 á laugardag og lýkur kl. 23:59 sama dag. Hún fer fram á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á RTTY.

<https://rtty.ybdxcontest.com/>

SARL Field Day keppnin fer fram 11.-12 mars; hefst kl. 08:00 á laugardag og lýkur kl. 10:00 á sunnudag. Hún fer fram á 160, 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á morsi, tali og á stafrænum mótunum.

<http://www.sarl.org.za/public/contests/contestrules.asp>

SKCC Weekend Sprintathon keppnin fer fram 11.-12. mars; hefst kl. 12:00 á laugardag og lýkur kl. 24:00 á sunnudag. Hún fer fram á 160, 80, 40, 20, 15, 10 og 6 metrum á morsi.

http://www.skccgroup.com/operating_activities/weekend_sprintathon/

EA PSK63 keppnin fer fram 11.-12. mars; hefst á laugardag kl. 12:00 og lýkur á sunnudag kl. 12:00. Hún fer fram á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á PSK63.

<http://concursos.ure.es/en/eapsk63/bases/>

South America 10 Meters keppnin fer fram 11.-12. mars; hefst á laugardag kl. 12:00 og lýkur á sunnudag kl. 12:00. Hún fer fram á 10 metrum á morsi og tali.

<http://sa10m.com.ar/wp/rules/>

AGCW QRP keppnin fer fram 11. mars; hefst kl. 14:00 á laugardag og lýkur kl. 20:00 sama dag. Hún fer fram á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á morsi.

<https://www.agcw.de/contest/grp/>

Stew Perry Topband Challenge keppnin fer fram 11.-12. mars; hefst kl. 15:00 á laugardag og lýkur kl. 15:00 á sunnudag. Hún fer fram á 160 metrum á 160 metrum. <http://www.kkn.net/stew/>

TESLA Memorial HF keppnin fer fram 11.-12. mars; hefst kl. 18:00 á laugardag og lýkur kl. 05:59 á sunnudag. Hún fer fram á 80 og 40 metrum á morsi.

<http://www.radiosport.vu1srs.org.rs/HFTeslaMemorial/index.php/rules>

FIRAC HF keppnin fer fram 12. mars; hefst kl. 07:00 á sunnudag og lýkur kl. 19:00 sama dag. Hún fer fram á 80, 40, 20, 15 og 10 metrum á morsi.


http://www.firac.de/FIRAC_HF_CONTEST_E.pdf



7. mars – Kallmerki ÍRA á QRZ.COM.

Uppfærsla var gerð á upplýsingum á QRZ.COM síðum fyrir virk kallmerki félagsins 7. mars, þ.e. TF3IRA, TF3W, TF3HQ, TF3WARD og TF3YOTA.

Stuttur texti er fyrir hvert kallmerkjanna, t.d. að TF3W sé notað í keppnum o.s.frv. Einnig fylgja gagnorðar upplýsingar um félagið og ljósmyndir úr félagsaðstöðunni.



TF3YOTA



ICELANDIC RADIO AMATEURS (ÍRA)

P.O. Box 1058

Reykjavík 121

Iceland

QSL: Bureau/direct/TF3MH QSL Manager/ QSO's uploaded to LoTW.

Innsetning hefur einnig verið samræmd fyrir kallmerkin, samanber fyrirsögnina á QRZ síðunni fyrir TF3YOTA.

9. mars – Gjaldskrá TF-ÍRA QSL Bureau hækkar 1. apríl.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Mathías Hagvaag, TF3MH QSL stjórnari ÍRA QSL Bureau, tilkynnti á aðalfundi félagsins 19. febrúar s.l. um væntanlega hækkun á gjaldskrá stofunnar vegna hækkunar verðskrár Póstsins þann 1.1.2023.

Forsendur hafa nú verið skoðaðar og hefur QSL stjórnari ákveðið að kostnaður fyrir hvert QSL kort hækki frá og með 1. apríl n.k. úr 12 krónum í 14 krónur.

Gjaldskrá QSL stofunnar hefur verið óbreytt frá 1. desember 2021.

Stjórn ÍRA.



Mathías Hagvaag QSL stjórnari TF-ÍRA QSL Bureau í herbergi QSL stofunnar í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

10. mars – Námskeið ÍRA til amatörprófs 2023.

Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Í samræmi við starfsáætlun stjórnar ÍRA og að höfðu samráði við Prófnefnd og Umsjónarmann námskeiða, hefur verið ákveðið að kanna áhuga á þátttöku í námskeiði til amatörprófs.

Fyrirhugað er að námskeiðið hefjist 27. mars n.k. og ljúki með prófi Fjarskiptastofu 27. maí. Kennt verður þrjá daga í viku í staðnámi og fjarnámi, kl. 18:30-21:30.



Námskeiðið er öllum opið og eru ekki gerðar kröfur um sérstaka menntun eða undirbúning.

Áhugasamir eru beðnir um að skrá nafn sitt og tölvupóstfang á „ira hjá ira.is“. Ath. að skráningu fylgir engin skuldbinding – en veitir félaginu mikilvægar upplýsingar um fyrirhugaðan fjölda nemenda.

Fyrirspurnum má beina á sama tölvupóstfang.

Skráning er opin til 24. mars n.k. Félagið setur þann fyrirvara um námskeiðshald, að lágmarkspáttaka fáiist.

Reykjavík 10. maí 2023,
Stjórn ÍRA.

12. mars – Opið var í Skeljanesi sunnudag 12. mars.

Mathías Hagvaag, TF3MH og Jónas Bjarnason, TF3JB mættu á „sófasunnudag“ í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi 12. mars. Umræðuþema var: „Allt um QSL kort“.



Frá vinstri: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG, Ægir Þór Ólafsson TF2CT, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Mathías Hagvaag TF3MH.

Farið var yfir framlagt efni sem skiptist í nokkra stutta kafla. M.a. sögulegan þátt þar sem kom fram að radióamatörar hófu að senda QSL kort þegar árið 1916 og að QSL þjónusta hefur verið í boði á vegum ÍRA í 75 ár (frá 1948). Farið var yfir hvernig QSL Bureau (QSL stofur) landsfélaga radióamatöra virka um allan heim.



TF3JB skaut inn upplýsingum.



TF3VS var með mörg mjög áhugaverð „komment“.

Mathías skýrði vel hvernig setja á upp QSL kort og hvaða lágmarksupplýsingar eru nauðsynlegar til að kort



TF2CT notar mest raf-ræn QSL kort.

séu gild. Hann kom einnig inn á kortanotkunina, m.a. hvernig best er að svara og sækja staðfestingar. Einnig var farið yfir hvernig svara á kortum frá hlusturum. Loks var rætt um hlutverk „QSL Manager“ sem eru leyfishafar sem taka að sér að annast svör fyrir hönd annarra radióamatöra á kortabeidnum.

Mörg góð „komment“ og spurningar sem leiddu til skemmmtilegra umræðna. Umræður stóðu allt til kl. 13:15 þegar húsið var yfirgefið. Alls mættu 11 manns (7 félagar og 4 gestir) í Skeljanesi í 9°C frosti í sólríkri norðanátt í vesturbænum í Reykjavík. Þakkir til TF3SB fyrir ljósmyndir.

13. mars – Skeljanesi á fimmtudag.


Innsetning var gerð á heimasíðu og FB síður:

Vetrardagskrá félagsins heldur áfram á fimmtudag, 16. mars kl. 20:30. Þá mætir Sigurður Harðarson, TF3WS með erindið „Kynning á íslenski framleiðslu útvarpsviðtækja“.

Sigurður hefur m.a. starfað í holl-vinafélaginu „Um varðveislu útvarpstækni á Íslandi“. Hann segir að 8 gerðir útvarpstækja hafi verið smíðaðar hjá Viðtækjasmiðju Ríkisútvarpsins sem stofnuð var 1933 og þar hafi verið framleidd einföld og ódýr útvarpstæki sem hafi fengið nöfnin Suðri, Vestri, Austri, Sindri og Sumri.

Félagsmenn ÍRA hafa m.a. komið viðtækjum til Sigga eftir að fréttist af verkefninu. Þ.á.m. er merkilegt útvarpstæki, „Polar Twin Metal“ smíðað árið 1925. Hann segir að Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS hafi gefið tækið sem sé mikill fengur í þar sem lítið sé til af tækjum fyrir 1928 og það sé því með elstu tækjum sem hann hafi fengið.

Siggi mun mæta með sýnishorn af viðtækjum í Skeljanesi á fimmtudag. Veglegar kaffiveitingar.



Sigurður, TF3WS



Á myndinni heldur Siggi á einu af viðtækjunum sem framleitt var af Viðtækjasmiðju Ríkisútvarpsins. Ljósmynd: RÚV.



Fundargerð aðalfundar ÍRA 2023

Dags.: 19.2.2023, kl. 14:00

Staður: Safnaðarheimili Neskirkju

27 félagar mættu til fundar. Þeir voru:

Anna Henriksdóttir	TF3VB
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033
Benedikt Sveinsson	TF3T
Bernharð Svavarsson	TF3BS
Eiður Kristinn Magnússon	TF1EM
Erling Guðnason	TF3E
Georg Kulp	TF3GZ
Guðrún Hannesdóttir	TF3GD
Hans Konrad Kristjánsson	TF3FG
Heimir Konráðsson	TF1EIN
Hinrik Vilhjálmsen	TF3VH
Jón Björnsson	TF3PW
Jón G. Guðmundsson	TF3LM
Jón Svavarsson	TF3JON
Jónas Bjarnason	TF3JB
Kristinn Andersen	TF3KX
Kristján Benediktsson	TF3KB
Mathías Hagvaag	TF3MH
Njáll Hilmar Hilmarsson	TF3NH
Óskar Sverrisson	TF3DC
Sigmundur Karlsson	TF3VE
Sveinn Goði Sveinsson	TF3ID
Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA
Vilhjalmur Sigurðsson	TF3AWS
Vilhjalmur Þór Kjartansson	TF3DX
Vilhjalmur Sigurjónsson	TF3VS
Þórður Adólfsson	TF3DT

Fundardagskrá er skv. 19. gr. laga ÍRA.

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn fundarritari.
3. Könnuð umboð.
4. Athugasemdir við fundargerð síðasta aðalfundar, ef einhverjar hafa borist, ræddar og bornar undir atkvæði.
5. Formaður gefur skýrslu um starfsemi félagsins.
6. Aðrir embættismenn gefa skýrslu um starfsemi sinna embætta.
7. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar.
8. Lagabreytingar.
9. Stjórnarkjör.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
11. Ákvörðun árgjalds.
12. Önnur mál.

Formaður setti fundinn kl. 14:00. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði kvenkyns fundarmönnum til hamingju með konudaginn.

Hann lagði til að fundarstjóri yrði TF3VS og TF3UA fundarritari sem var samþykkt.



Frá aðalfundi 2023. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS fundarstjóri í pontu.

Kveðjur bárust fundinum frá þeim TF1AM, TF1A, TF5B, TF2EQ, TF2LL, TF8GX, TF3RF, TF3CW og TF3SA.

TF3EQ gaf TF3VB umboð til að nýta atkvæði sitt á fundinum.

Næst gaf fundarstjóri formanni orðið. Formaður lagði fram skýrslu um starfsemi félagsins starfsárið 2022-23. Hún er 239 bls. að lengd. Formaður rakti starfsemi félagsins sem hefur verið blómleg á starfsárinu. Meðal þess sem formaður nefndi var námskeið til undirbúnings amatörprófs sem haldið var að vori 2022. Í kjölfar þess stóð Fjarskiptastofa fyrir tímamótaprófi til amatörleyfis þar sem prófið var haldið samtímis á þremur stöðum á landinu. Prófið stóðust 11, níu fengu G-leyfi og tveir N-leyfi. Formaður sagði einnig frá afmælisfagnaði félagsins sem haldinn var í ágúst í tilefni 75 ára afmælisins sem var 2021. Hann sagði frá vetrardagskránni sem var efnisrík og fyrsta „dömkvöldi“ sem haldið var hjá ÍRA. Flóamarkaður ÍRA var vel heppnaður og sama má segja um jólakaffið sem haldið var 15. desember. Ekki urðu umræður um skýrslu formanns



Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA.

Næst kom að skýrslum embættismanna. TF3KX gaf skýrslu um starfsemi prófnefndar. Hann sagði frá prófi sem haldið var að vori 2022 og sagði frá erindi sínu í nóvember um amatörpróf og námskeið. Námskeiðin eru þó ekki hluti af starfsemi prófnefndar. Fyrirhugað er að halda námskeið og próf að vori 2023.

TF3MH, QSL stjóri sagði að kortum hafi fækkað og að hækkun á burðargjöldum leiði til þess að hækka þurfi gjaldið um eina krónu.

Alþjóða tengiliður TF3KB vísaði í hina öflugu árskýrslu. Hann talaði um málstofu í október 2021 á vegum IARU um framtíð amatör radiós. Á málstofunni voru sett fram sex atriði sem menn vilja koma í verk:

1. Efna til almannakynningar á amatör radiói
2. Amatör radió verði viðurkennt sem gagnlegt fyrir samfélagið.
3. Stofna tengsl við aðra hópa.
4. Þjálfun og sjálfsþjálfun amatöra.
5. Breikka fókus radióamatöra yfir í margvíslega nýja tækni
6. Fella amatör radió inn í skólakerfið með einhverjum hætti.



Slegið á létta strengi. Kristján Benediktsson TF3KB í pontu.

Umsjónarmaður námskeiða TF3PW tók til máls og bar fram þakkar til þeirra sem hafa kennt á námskeiðum félagsins. Hlutu þeir lófatak fundarmanna.

Gjaldkeri, TF3PW lagði næst fram reikninga til samþykktar. Hann fjallaði um frávík frá seinasta ári. Innborguð námskeiðsgjöld skiluðu talsverðum tekjum. Uppboðið sömuleiðis. Kaffi hefur hækkað verulega en inni í þeim lið eru bæði jólkaffið og afmæliskaffið. Eignir félagsins eru liðlega 4 mkr. Engar athugasemdir voru gerðar og reikningar félagsins samþykktir einróma.

Engar tillögur bárust um lagabreytingar.

Þá var gengið til stjórnarkjörs. TF3JB gaf kost á sér til formanns. Hann var kjörinn með lófataki. Aðalmenn sem sitja í tvö ár eru TF3PW og TF3GS. TF3PW gefur kost á sér áfram en TF3GS biðst undan endurkjöri vegna anna. Andrés Þórarinnsson, TF1AM gefur kost á sér. TF3PW og TF1AM voru sjálfkjörnir



Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA fundarritari, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri og Georg Kulp TF3GZ meðstjórnandi.

og fengu lófatak. TF2LL óskaði eftir að draga sig úr stjórn af persónulegum ástæðum. Í hans stað var Njáll Hilmar Hilmarsson, TF3NH kjörinn til eins ár. TF3UA og TF1EIN voru kjörnir varamenn til eins árs.

Tveir skoðunarmenn reikninga hafa verið TF3Y og TF3HK en TF3VS hefur verið til vara. Þeir voru allir endurkjörnir.

Árgjald er 7000 kr. og lagði gjaldkeri til að það verði óbreytt. Farið var að tillögu hans.

Önnur mál: TF3VB skilaði kveðju frá skandinavísku kvennasamtökunum SYLRA. Hún sagði frá hátíðarkvöldverði sem haldinn verður 19. ágúst í Tívoli í Páfuglasalnum.



Mynd úr fundarsal.

Spurt var um uppbyggingu félagsstöðvarinnar. Það var allt rakið á félagsfundi 10. nóvember. Nú er nýr turn tilbúinn til uppsetningar. Mikið er af bárujárni og öðru drasli á fyrirhuguðum stað og farið verður í að taka til og setja turninn upp þegar vetri linnir og sól hækkar á lofti. Félagið er með þrjú sendiviðtæki, hvert á sínu fjarskiptaborði. Setja þarf upp loftnet fyrir 6 m og einnig fyrir 60 m. TF2LL hefur verið mikil driffjöður við lagfæringar og endursmiði turnsins.

TF3KX þakkaði stjórn fyrir frábært félagsstarf á árinu og félögunum fyrir góða þátttöku í starfi félagsins. Ekki er sjálfgefið nú á tímum að félagsstarf sé jafn öflugt og það hefur verið hjá ÍRA.

Fundi slitið kl. 14:59

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA
Fundarritari



Delta lykkja fyrir 10 m bandið

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Inngangur


Margir búa við þær aðstæður að erfitt er að setja upp löng vírloftnet sem hægt er að nota á mörgum amatör-böndum á stuttbylgju. Til þess að nýta sér batnandi skilyrði á hærri böndunum getur verið skynsamlegt að setja upp loftnet sem fer ekki mikið fyrir en getur samt nýst vel. Dæmi um slíkt loftnet er delta lykkja sem snýr á hvolfi. Slíka delta lykkju mætti kalla nabla lykkju af því að hún lítur út eins og gríski bókstafurinn nabla. Vegna venju verður loftnetið þó kall- að delta lykkja í þessari grein.

Loftnet af þessari gerð getur komist fyrir yfir garði heima hjá höfundi þó að garðurinn sé þeirrar stærðar sem oft er líkt við frímerki. Loftnetið þarf tvær festingar í hæð og er hugsun höfundar að nýta skorstein hússins fyrir aðra festinguna og tré í garðinum fyrir hina. Þetta þýðir að lárétti hlutinn verður í u.þ.b. 8 m hæð yfir jörð. Hægt er að herma hegðun þessa loftnets í tölvu með ókeypis hugbúnaði sem byggist á NEC forritinu (*Numerical Electromagnetics Code*). Meðal amátora eru tvö forrit þekktust sem eru eins konar notandaviðmót fyrir NEC, þau heita EZNEC og 4NEC2 og eru bæði ókeypis. Hér varð 4NEC2 fyrir valinu einkum vegna þess að höfund langaði til að vita hvernig gengur að vinna með það. Eins og með mörg forrit var vinnan með 4NEC2 erfið fyrst en eftir að hafa kynnst forritinu varð hún sífellt auðveldari og gaman er að fíkra sig áfram og læra á nýja kosti sem forritið býður. Seinna væri gaman að prófa EZNEC og skoða hvað þar er í boði.

Delta lykkjan

Í loftnetabók Rothammels er delta lykkju lýst sem vinnur á 40 m, 20 m, 15 m og 10 m. Þessi delta lykkja er nefnd HB9 margbanda delta lykkjan, kennd við HB9ADQ[1]. Hún er all stór í sniðum og þarf nokkuð mikið rými, lárétti hlutinn er um 8 m langur og skávírarnir eru um 6 m hvor. Heildar ummál er því um 20 m. Hér er hugmyndin sú að setja upp delta lykkju sem hefur um 11 m ummál og getur hugsanlega unnið á 10 m, 15 m, og 20 m. Þessi delta lykkja er sýnd á mynd 1.


Hún er hönnuð fyrir 28,5 MHz. Ummál hennar er 11,01 m og þar með er margfeldi ummáls og tíðni 313,8 MHz m. Þetta margfeldi er nokkuð á reiki meðal amátora, t.d. notar TF3JB 286 MHz m í grein



Mynd 1. Delta lykkja fyrir 10 m bandið.

sinni frá 2018[2] og TF3KB notar 316.1 MHz m í grein sinni frá 2021[3]. Í bók Rothammels eru mörg gildi gefin en miðað við 306,3 MHz m og í loftnetabók ARRL[4] er miðað við 314.6 MHz m. Líklega fer þessi tala eftir aðstæðum hverju sinni, t.d. lögun lykkjunnar, hæð frá jörð, leiðni og rafsvörunarstuðli jarðarinnar og sverleika vírsins. Hér var miðað við að vírinn væri 3 mm sver koparvír.

Hér var notaður sá kostur sem 4NEC2 forritið býður að besta ummálið með tilliti til standbylgju á 28,5 MHz. Í forritið er innbyggður bestari (e. *optimiser*) sem gerir kleift að hafa stærðir loftnetsins sem breytur og keyra svo bestunina til þess að ná fram tilteknum eiginleikum. Hægt er að besta loftnet til að ná fram sem lægstri standbylgju, hæstum ávinningi, bestu hlutfalli fram- og afturgeislunar (e. *front to back*), tilteknu samviðnámi (e. *impedance*) og nýtni. Auðvitað er ekki hægt að hafa alla þessa þætti í besta horfi í einu loftneti en hægt er að gefa þeim vægi og reyna t.d. að ná lágrí standbylgju og góðum ávinningi. Hér




Mynd 2. Útreiknað standbylgjuhlutfall miðað við 50 .

var aðeins bestað með tilliti til þess að ná standbylgjuhlutfalli sem lægstu á 28,5 MHz. Útreiknað standbylgjuhlutfall á öllu 10 m bandinu er sýnt á mynd 2. Út úr myndinni má lesa að $S = 2$ á 28,5 MHz, 2,5 á 28,0 MHz og 3,8 á 29,7 MHz. Með því að nota balún í fæðipunkti með vindingahlutfallinu 1,4:1 er hægt að ná fullri aðlögun á 28,5 MHz. Forritið getur reiknað út standbylgjuhlutfall og samviðnám á hvaða tíðni sem er.

Í staðinn fyrir balúnið kæmi vel til greina að nota kvartbylgjuspenni. Hann felst í því að setja kvartbylgjulangan 75 kóax milli loftnetsins og 50 kóaxins. Þetta gæfi standbylgjuhlutfall í kringum $S = 1,2$ á 28,5 MHz.


Straumdreifing

Straumdreifingin á delta lykkjunni gefur hugmynd um útgeislunareiginleika hennar, t.d. hvernig útgeislunin er skautuð. Góð leið til þess að gera sér grein fyrir straumdreifingunni er að skoða straumdreifingu á flutningslínu, í tilviki delta lykkjunnar þarf að skoða straumdreifingu á skammhleyptri flutningslínu. Til þess að finna straumdreifingu tvíþóls þarf að skoða straumdreifingu á opinni línu. Skammhleypt hálfbylgjulöng flutningslína er sýnd á mynd 3. Línan myndar lykkju sem er heil bylgja að lengd.



Mynd 3. Straumdreifing á skammhleyptri flutningslínu.

Á myndinni er straumurinn sýndur sem örvar. Þykkt örvarna táknar styrk straumsins, hann er mestur við enda línunnar þar sem hún er skammhleypt og hann er núll inni á miðri línunni þar sem 0 er merkt inn á hana. Í fæðipunktinum er straumurinn mikill enda er hann í hálfbylgjuþarlægð frá skammhlaupinu. Þetta þýðir að




Mynd 4. Straumdreifing á delta lykkjunni

samviðnámið er lágt. Ef fæðipunkturinn væri í fjórðungsbylgjuþarlægð frá skammhlaupinu væri straumurinn næstum því núll í fæðipunktinum og þá væri samviðnámið mjög hátt inn á loftnetið. Straumdreifingin á delta lykkjunni er sýnd á mynd 4.

Straumurinn er sterkastur í fæðipunktinum og í miðjum lárétta hlutanum. Á tilteknu andartaki streymir straumurinn til hægri eins og myndin sýnir og á næsta andartaki til vinstri. Straumurinn í skávír-unum liggur til hægri og niður á við í vinstri leiðaranum en til hægri og upp á við í hægri leiðaranum. Fjarlægur áhorfandi sem gæti séð straumana yrði eingöngu var við straumana sem eru láréttir og lárétta hluta þeirra strauma sem liggja á ská. Þetta þýðir að rafsegulbylgjan sem verður til vegna straumanna er lárétt skautuð, lóðréttu hlutarnir upphéfa hver annan.

Útgeislunarmyndir


Forritið getur reiknað útgeislunarmyndir loftnetsins. Þó að höfundur eigi heima á stað þar sem áður var mýri er gert ráð fyrir að jörðin sé meðalgóður leiðari, þ.e. hafi leiðni sem er $\sigma = 5$ mS/m og rafsvörunarstuðullinn $\epsilon_r = 13$. Þetta eru sömu jarðeiginleikar og í [3]. Rökin fyrir þessu eru þau að þegar byggt er í mýrum er skipt um jarðveg undir húsum og að nokkru leyti undir götum. Mýrarnar þorna a. m. k. í efsta laginu og verulega dregur úr góðum eiginleikum þeirra gagnvart útbreiðslu radióbýlgna. Í 4NEC2 forritinu er hægt að fá fram þrívíðar útgeislunarmyndir og er ein slík birt á mynd 5. Myndin lítur út eins og slöngubátur með kúlu í



Mynd 5. Þrívíð útgeislunarmynd delta lykkjunnar á 28,5 MHz


miðjunni. Litirnir sýna styrk útgeislunarinnar miðað við kúlugeislandi loftnet (e. *isotropic antenna*). Styrkurinn er mestur í áttir y-stefnunnar og er þar 8,3 dB yfir kúlugeislara. Geislunin beint upp er um 4 dB sterkari en frá kúlugeislara.

Á mynd 6 eru sýndar útgeislunarmyndir í láréttu og lóðréttu plani. Útgeislunarhorn meginlópanna er um 20° yfir jörð. Einnig sést að delta lykkjan hefur mikla deyfingu til endanna.




Mynd 6. Útgeislunarmyndir í lóðréttu og láréttu plani á 28,5 MHz

Áhugavert er að skoða hegðun þessa loftnets á öðrum böndum, t.d. 15 m og 20 m böndunum. Lengd lykkjunnar er mjög nálægt þremur fjórðungsbylgjum ($3/4$) á 21,0 MHz. Þar ætti því að mælast samviðnám sem svarar til innviðnáms á skammhleypta línu að lengd $3/8$ og vera þar með all hátt. Forritið getur reiknað þetta og eru niðurstöðurnar sýndar á mynd 7.




Mynd 7. Samviðnám inn á delta lykkjuna á 15 m bandinu

Á myndinni sést að raunhluti samviðnámsins er um 55 yfir allt m bandið en launhlutinn er stór og rýmdarkenndur og er á bilinu -770 til -69 er þarf því aðlögunarrás til þess að koma afli inn á loftnetið. Ef það tekst fást útgeislunarmyndir sem eru sýndar á mynd 8 og mynd 9. Hér sést að megin lópurnar hafa útgeislunarhorn sem er um 25° yfir jörð. Útgeislunin beint upp í loftið er mun minni en á 10 m bandinu. Á 15 m er deyfing til endanna mikil eins og á 10 m bandinu. Skv. þessum útreikningum myndi raðtengd spóla að stærð 5,5 H eyða rýmdarkennda sýndarviðnáminu að mestu og eftir sæti 55 raunviðnám. Þetta gæfi standbylgjuhlutfallið 1,1 á 21,2 MHz.




Mynd 8. Þrívíð útgeislunarmynd delta lykkjunnar á 21,05 MHz



Mynd 9. Útgeislunarmyndir í lóðréttu og láréttu plani á 21,05 MHz


Á 20 m bandinu er ummál þessarar delta lykkju nokkuð yfir hálfbylgju en hálfbylgja á 14,0 MHz er 10,7 m. Hér má búast við því að samviðnámið inn á loftnetið sé mjög hátt, sbr. mynd 3. Útreiknað samviðnám er sýnt á mynd 10. Hér er launhlutinn um 1300 á 14,0 MHz en fellur niður í 600 á 14,35 MHz. Launhlutinn er rýmdarkenndur um -10 k á 14,0 MHz og um - k á 14,35 MHz. Hér þarf því




Mynd 10. Útreiknað samviðnám á 20 m bandinu

nokkuð flóknari aðlögunarrás en á 10 m og 15 m, rás sem þarf að breyta verulega innan 20 m bandsins.

Þrívíð útgeislunarmynd á 20 m bandinu er sýnd á mynd 11. Hér fæst 5,1 dB_i ávinningur til endanna og útgeislun upp á við er minni en 0 dB_i. Lóðréttu og láréttu myndirnar sem koma fram á mynd 12 sýna þetta vel. Þar kemur einnig fram að horn mestu útgeislunar yfir jörð er 35°.



Mynd 11. Þrívíð útgeislunarmynd delta lykkjunnar á 20 m bandinu



Mynd 12. Lóðrétt og lárétt útgeislunarmynd delta lykkjunnar á 20 m bandinu

Útgeislun í átt að endum delta lykkjunnar er 0 dB_i sem þýðir að til endanna er delta lykkjan með jafnmikla útgeislun og kúlugeislari. Þetta skýrist af því að á 20 m er lengd delta lykkjunnar aðeins um hálf bylgjulengd. Lykkjuloftnet sem eru miklu styttri en bylgjulengd hafa mesta útgeislun til endanna en litla þvert á plan lykkjunnar.

Lokaorð

Delta lykkjan sem lýst var í þessari grein er nothæf á 20 m, 15 m, og 10 m böndunum. Stærsti kostur hennar er sá að hún tekur lítið pláss og getur verið á stöðum þar sem þrengt er að loftnetum amatöra. Aðhæfing að 50 flutningslínu er einföld á 10 m og 15 m en getur orðið flókin á 20 m bandinu. Hér var umfjöllun um frammistöðuna á 12 m og 17 m sleppt plássins vegna. Það er hins vegar fljótlegt að keyra greininguna á þeim böndum og skilaði hún þeim niðurstöðum að delta lykkjan hefur góða útgeislunareiginleika á 12 m og 17 m og að auðvelt er að ná aðlögun þar við 50 flutningslínu. Á 17 m er raunhluti samviðnámsins um 70 og þverhlutinn rýmdarkenndur um -1 k. Á 12 m er raunhluti samviðnámsins um 65 og þverhlutinn einnig rýmdarkenndur um -300. Best er að hafa aðlögunarrásina sem næst loftnetinu enda getur orðið mjög há standbylgja á línunni sé hún tengd beint við loftnetið. Hér væri sjálfvirk aðlögunarrás kjörin en hún kostar nokkra fjármuni, sérstaklega ef menn ætla að send mörg hundruð W út í netið. Líklegt er að sjálfvirk aðlögunarrás næði fullum árangri ofan við 20 m bandið.

Með vorinu vonast höfundur til þess að geta sett þetta loftnet upp og prófað. Ef aðrir amatórar setja það upp væri gaman að heyra frá þeim um hvernig til tókst. Þá verður hægt að lýsa niðurstöðunum í seinna tölublaði af CQ TF.

73 de Sæmi, TF3UA

Heimildir

- [1] K. Rothammel-Y21BK og A. Krischke - OE8AK, *Rothammels Antennenbuch*, 13. Auflage, Baunatal: DARC Verlag GmbH, 2013.
- [2] J. Bjarnason TF3JB, „Delta lykkjan virkar,“ *CQ TF*, b. 32, nr. 2, pp. 34-37, 2018.
- [3] K. Benediktsson, TF3KB, „Tilbrigði við deltur,“ *CQ TF*, b. 35, nr. 3, pp. 37-41, 2021.
- [4] ARRL, *The ARRL Antenna Book*, 21st Edition, Newington Connecticut: The ARRL Inc., 2007-2008.

— SMÁAUGLÝSINGAR —

Til sölu LDG 600ProII Antenna Tuner. Tækið er um 1½ árs gamalt og er mjög lítið notað og í fullkomnu lagi. Snúra fyrir Icom 7610/7300 fylgir með; er nothæfur við flestar amatörstöðvar. Verð 60.000.

Upplýsingar í síma 8994484 eða tf1ein (att) internet.is

TF1EIN Heimir



Þættir í þróun amatörradíós

Kristján Benediktsson, TF3KB

Í félagslögum ÍRA segir í fyrstu grein: „... Félagið er íslensk deild í IARU, alþjóðasamtökum radióamatöra.“ Hér verður stiklað á stóru um nokkra áhrifavalda í þróun samtakanna og amatörradíós frá upphafi og fram á þennan dag.



Rafsegulsvið

Skoski stærðfræðingurinn og vísindamaðurinn James Clerk Maxwell sameinaði niðurstöður rafsegulfræðinnar á stærðfræðileg formi í jöfnum, sem við hann eru kenndar árið 1864-65

(https://en.wikipedia.org/wiki/James_Clerk_Maxwell).

Jöfnur hans sögðu fyrir um tilvist bylgna sem ferðast með ljóshraða og síðar voru kallaðar radió- eða rafsegulbylgjur.

Rúmum 20 árum síðar sannreynði þýski eðlisfræðingurinn Heinrich Hertz niðurstöður Maxwells

(https://en.wikipedia.org/wiki/Heinrich_Hertz).

Boðsendingar

Hvorugur þeirra sá fyrir það notagildi rafsegulbylgna sem síðar varð. Upp af þessum meiði spruttu þó margar notkunargreinar, og spretta enn á sviði boðsendinga, bæði með þræði og þráðlaust, auk margvíslegra annarra nota.

Meðal notkunartilvika fyrir þessar bylgjur urðu fjarskipti, útvarp, sjónvarp og hverskonar aðrar þráðlausar merkja- og skeytasendingar, svo sem í ratsjám, mælingum og greiningum ýmisskonar

(<https://en.wikipedia.org/wiki/Radio>).

Fjöldamargir einstaklingar hrifust snemma af tækniinni og hófu tilraunir með hana. Marconi er líklega þeirra þekktastur.

Radíóamatörar eru ein greinin á þeim meiði (https://en.wikipedia.org/wiki/Amateur_radio).

Sameign mannkyns

Radíóbylgjur virða engin landamæri, og því þarf ákveðinn alþjóðlegan ramma utan um notkun bylgna. Alþjóðafjarskiptasambandið, ITU, *International Telecommunication Union* heldur alþjóðlega utan um notkun radiótíðnisviðsins.

Aldnir áhrifavaldar

Rafrásir



=




x



Alessandro Volta 1745 - 1827 André-Marie Ampère 1775 - 1836 Georg Simon Ohm 1789 - 1854

Rafsegulsvið




Maxwell sagði

$$\begin{aligned}\nabla \cdot \mathbf{D} &= \rho \\ \nabla \cdot \mathbf{B} &= 0 \\ \nabla \times \mathbf{E} &= -\frac{\partial \mathbf{B}}{\partial t} \\ \nabla \times \mathbf{H} &= \mathbf{J} + \frac{\partial \mathbf{D}}{\partial t}\end{aligned}$$

og það varð ljós

Michael Faraday 1791 - 1867 Hans Christian Ørsted 1777 - 1851 James Clerk Maxwell (1831 - 1879)

Boðsendingar með þræði og þráðlaust



Joseph Henry 1797 - 1878


Heinrich Rudolf Hertz 1857 - 1894




Samuel F.B. Morse 1791 - 1872 Alfred Vail 1807 - 1859 Guglielmo G.M. Marconi 1874 - 1937

Rafsegulsvið í skömmtum

Albert Einstein (1879 - 1955)
Nobelsverðlaun í eðlisfræði 1921 fyrir rannsóknir sínar 1905 á ljóshriftum (fótoelektriskun áhrifun)
Lagi þar grunninn að skammtafræðinni, ásamt Max Planck



Takmarkaða afstöðiskenningin 1905 (rafsegulfræði hluta á hreyfingu)
Almenna afstöðiskenningin 1915



Albert Einstein (1879 - 1955)

Amatörradíóþjónustan

Starfsemi radióamatöra er ekki bara hobbý, heldur, skv. RR, alþjóða radióreglugerð ITU einnig skilgreind radióþjónusta, og skv. RR þurfa einstaklingar að standast próf í radió -tækni og -samskiptum, og undirgangast settar reglur þar um, til að mega nota tíðnir radióamatöra. Starfsemin amatöra gengur undir nafninu amatörradíó og er kölluð amatör(radíó)þjónustan (<https://life.itu.int/radioclub/ars.htm>).

ITU skilgreinir amatörþjónustuna í grein 1.56 í RR, Radióreglugerð ITU, sem:

- Þjónusta sjálfsþjálfunar,
- innbyrðis radiósamskipta og
- tæknilegra athugana, sem framkvæmdar eru af radióamatörum, þ.e.
- einstaklingum með viðeigandi leyfi og persónulegan áhuga á radiótækni,
- án fjárhagslegrar ágóðavonar.

Grasrótarhreyfing

Radíóamatörar eru nokkurskonar

1. Grasrótarhreyfing,
2. sameinar skemmtilega starfsemi og
3. sjálfsmenntun á radiósviðinu,
4. sem spannar allt frá fyrstu skrefum byrjandans
5. upp í afburða akademíska frammistöðu,
6. byrjar sem áhugamál, sem upp úr spretta oft atvinnu-menn.

Tækni- og vísindaleg viðfangsefni

Úr þessum jarðvegi hefur sprottið ýmisskonar starfsemi tilrauna-, uppfinninga- tækni- vísindarannsókna og þekkingarauka og samskipta í radiótækni. Radióamatörar hafa lagt mikið til vísinda- og tækniþróunar á þessu sviði, með fjöldamörgum uppfinningum, rannsóknum auk eflingar ekki bara bóklegar, heldur einnig verklegrar kunnáttu á rafeinda- og radiósviðinu.

Á þessum meiði eru einnig stundaðar margvíslegar vísindagreinar og rannsóknir undir hatti Alþjóðasambands Radióvísinda (URSI)

(https://en.wikipedia.org/wiki/International_Union_of_Radio_Science).

Grunngildin

1909 komust radióamatörar í BNA upp á kant við stjórnvöld. Amatörar voru til mikilla vandræða. Margir áttu betri og aflmeiri stöðvar en sjóherinn og fjarskiptafyrirtæki. Amatörar sýndu skeytingarleysi gagnvart ákalli um að gera hlé, þegar truflanir ætluðu

allt að drepa. Einstaklingshyggjan var alls ráðandi. Komast eins langt og hægt væri fyrir stundargaman og sem minnsta fyrirhöfn.

Stjórnleysi þeirra tíma „samfélagsmiðla“ alls ráðandi.

Þetta ástand leiddi til aragrúa tilrauna til að koma lögum yfir radiófjarskipti, sem hófst með frumvarpi Roberts Bill 1909.

Í ágúst 1912 voru sett lög í BNA sem skikkuðu radióamatöra til að nota aðeins 200 metra bylgjulengdir og styttri (1,5 MHz og hærri tíðnir), í þeirri fullvissu að þeir myndi aldrei þrífast á þeim „gagnlausu“ tíðnum og deyja drottinn sínum.

Þvert á allar spár fór þetta á annan veg, radióamatörar uppgötvuðu háloftabylgjuna og kosti styttri bylgjulengda. Þá varð ekki lengur sjálfgefið, að amatörar fengju að nota bylgjur styttri en 200 metra.

Það varð amatörhreyfingunni til happs, að eignast framsýna forystumenn, sem lögðu fram ný grunngildi eins og

- að ávinna okkur traust fyrir ábyrga framkomu,
- að vera sem minnst áreiti og byrði á stjórnvöldum,
- að ávinna okkur traust stjórnvalda sem ábyrgur viðsejandi og álitsgjafi,
- að setja hagsmuni heildarinnar ofar þröngum eiginhagsmunum,
- að stunda sjálfseftirlit,
- að tala einni röddu útávið.

Þessi grunngildi eiga stóran þátt í hve margt hefur áunnist og þ.á.m. hve mörg tíðnisvið við höfum til afnota.

ARRL var stofnað 1914 og IARU 1925, hvoru tveggja byggt á þessum grunngildum allar götur síðan, sem og ÍRA og landsfélög radióamatöra í öðrum löndum.

Frumkvöðlar alþjóðasamtakanna IARU:

1. Hiram Percy Maxim, WIAW og ARRL

ARRL var stofnað 1914 af Hiram Percy Maxim (1869-1936) m.a. til að auka langdrægni amatörstöðva,



Hiram Percy Maxim, WIAW Höfuðstöðvar ARRL stofnandi ARRL

með því að boðsenda (e. *relay*) skilaboð gegnum marga milliliði (= > *American Radio Relay League*).

1921 var farið að skipta út neistasendum fyrir lampasenda (CW) og radióamatörar uppgötvuðu raunverulegan DX stuttbylgjunnar.

Á þeim tíma voru engar alþjóðlegar reglur, engin alþjóðleg forskeyti á kallmerkjum, svo amatörar skipulögðu þau sjálfir, til að gefa land til kynna.

Enn of aftur sýndi Hiram framsýni. Hann sá að einhverskonar alþjóðleg samtök radióamatöra þurfti, og hann gekkst fyrir stofnun IARU í apríl 1925.

2. Herbert Hoover, Jr. W6ZH (1903-1969)

Hann var jarðeðlis- verkfræðingur, bisnismaður, utanríkisritari nr. 2 (*Under Secretary of State*). Sonur Herberts Hoover, 31. forseta BNA. Sérstakur sendifulltrúi Eisenhower 1953-54. Forseti ARRL 1962-1969. Fyrsti og eini forseti ARRL, sem sóttur hefur verið út fyrir stjórn ARRL.



Herbert Hoover yngri, W6ZH (1903-1969)

Hann komst að þeirri niðurstöðu, að IARU þyrfti að vera mun betur undirbúið, heldur en fram að því, til að vera fulltrúi radióamatöra á framtíðar ITU ráðstefnum. Setti sér tvö markmið, að:

1. stofna IARU Region 2 / Svæði 2,
2. upplýsa og mennta og minna landsfélög radióamatöra um allan heim á ábyrgð þeirra í undirbúningi landa sinna undir ráðstefnur ITU.

3. Richard L. „Dick“ Baldwin, W1RU (1920-2012)

Árin 1964-1979 var hann sérstakur sendifulltrúi valinn af Herbert Hoover, Jr. W6ZH forseta ARRL, til að fara í heimsreisnu og tala máli annars markmiðs hans um amatörradíó og undirbúning í hverju landi fyrir ráðstefnur ITU.

Skilaboðin til landsfélaga voru einföld, sagði W1RU:

1. Að Stofnsamþykkt IARU legði landsfélögum sínum ákveðnar skyldur á herðar, um að leggja rækt við að vera fulltrúar amatörradíós í sínu landi.
2. Að vegna þess að ITU ráðstefna væri á næstu grösum, væri algerlega nauðsynlegt fyrir sérhvert landsfélag IARU, að bæta samskiptin við reglu-



Richard L. „Dick“ Baldwin, W1RU (1920-2012),

gjafann í sínu landi, til þess að stuðla að jákvæðri viðurkenningu á gildi amatörradíós.

Ekki aðeins ferðuðust þeir Hoover og Dick til fjölda margra landa og IARU landsfélaga, heldur heimsóttu þeir lönd, þar sem ekkert IARU landsfélag var að finna og kannski ekki neitt sem minnti á amatörradíó.

Þetta átti einkum við um Afríku, og markmið okkar þar, sagði hann, var að benda á gildi amatörradíóþjónustunnar í þeim löndum og reyna að efla stuðning við það.

Dick var framkvæmdastjóri ARRL árin 1975-1982; ritari IARU 1976-1982 og forseti IARU 1982-1999. Hann sótti um langt árabil hverja einustu ITU ráðstefnu. Honum er meðal margs annars mest að þakka sá árangur sem náðist á WARC-79, að algerlega ný amatörbönd, stundum kölluð „WARC böndin“, 10, 18 og 24 MHz voru opnuð radióamatörum.

W1RU kom til Íslands í vísitasíu sinni skömmu eftir 1970. Þáverandi formaður ÍRA, Ólafur Axelsson, TF3AW tók á móti honum. Dick lagði m.a. til við hann, að ÍRA gerðist félagi í IARU Svæði 1, sem ÍRA hafði ekki sótt um á þeim tíma. Fundaði einnig með Sigurði Þorkelssyni Pósti- og síma. Minnisstætt er hve TF3AW varð tíðrætt um þessa heimsókn og hve mikla alúð hann lagði við að taka vel á móti honum og gera ferð hans ánægjulega. Ólafur vann þá hjá Loftleiðum, og gekkst fyrir því að flugfreyjurnar færðu honum glaðning með kveðju frá ÍRA í flugvélinni á leið frá landinu.

Greinarhöfundur hitti Dick, W1RU síðar á fjölda mörgum ráðstefnum IARU Svæðis 1 og átti við hann mörg góð samtöl um amatörradíó og fleira. Þar á meðal meðfylgjandi einkaviðtal fyrir CQ TF.

Einkaviðtal CQ TF við „Dick“ Baldwin, W1RU

Einn dag ráðstefnu IARU Svæðis 1 í Lillehammer Noregi árið 1999, þar sem höfundur var fulltrúi ÍRA, var tilkynnt að 65 ár væru síðan Dick hefði fengið amatörleyfi sitt. CQ TF spurði hann fyrst að því, hvernig áhugi hans hefði vaknað fyrst.

W1RU: Þegar ég var 13 ára, kom frændi minn, sem bjó í öðru fylki, í heimsókn til foreldra minna. Hann fór með mig í bíltúr til East Hartford, Connecticut. Þar var staðsett stöðin W1MK, sem þá var höfuðstöð ARRL. Þannig kynntist ég amatörradíói fyrst. Ég fékk mikinn áhuga og ári síðar var ég kominn með kallmerkið W1IKE. Ég lærði mors með því að hlusta á DJC, sem var þýsk fréttaskeytastöð, sem sendi á 90 stafa hraða rétt undir 7 MHz bandinu. Fyrst náði ég aðeins einu „dit“ og næst náði ég „di-dit“ og innan eins árs var ég búinn að læra morsið.

TF3KB: Þú fórst síðar í sjóherinn, var það ekki?

W1RU: Jú, ég var félagi fjarskiptaliði sjóhersins (US Naval Communications Reserve) og þessvegna kallaður til þjónustu í seinni heimsstyrjöldinni og var á herskipum í Kyrrahafinu. Ég vann um skeið sem fjarskiptaverkfræðingur hjá Motorola, en síðan bauðst mér tækifæri til að starfa fyrir ARRL, fyrst í West Hartford, Connecticut og síðar í Newington, Connecticut og ég vann fyrir ARRL í 30 ár. Þegar ég fór á eftirlaun, flutti ég til Maine, þar sem við konan mín kunnum mjög vel við okkur. Ég varð síðan forseti IARU og gegndi því embætti í 17 ár.

TF3KB: *Costas, sem var amatör sem fann upp viðtæki, sem við hann er kennt (Costas loop), og hélt fram óhefðbundnum hugmyndum um að AM án burðarbylgju eða DSB, tveggja hliðarbanda sendingar, hefðu alls ekki lakari að nýtni á afl heldur en SSB, sem gekk mjög í berhögg við viðtekna kenningar um yfirburði SSB, sem menn trúu jafnvel á enn þann dag í dag. Mér er minnisstætt, þegar við ræddumst við á ráðstefnunni í Noordwijkerhout í Hollandi 1987, þá varst þú mjög kunnugur Costas og kenningum hans, sem ég var einmitt búinn að kynna mér allmörgum árum áður.*

W1RU: Já, Costas skrifaði greinar í QST um þetta eftir stríðið og hugmyndir hans hlutu ærið misjafnar viðtökur meðal kunnáttumanna á þeim tíma. Sumir trúðu því að hann hefði rétt fyrir sér, en aðrir trúðu því, að hann hefði rangt fyrir sér. Innan hersins lásu menn greinar hans af athygli. Þeir ákváðu að skoða þetta nánar og út var látin ganga skipun um algera þögn um málið. Síðar kom í ljós að hann hafði mikið til síns máls og sumar af hugmyndum hans lögðu grundvöllinn að ródfreifðum sendingum (*spread spectrum*) síðar.

TF3KB: *Já, fyrsta stig ródfreifðs SSB er einmitt DSB. Þú fórst eitt sinn í ferðalag til Evrópu, sem nokkurskonar sendiherra fyrir amatörhreyfinguna. Hver var aðdragandi þess?*

W1RU: Já, Evrópuferðin kom þannig til, að Hr. Hoover, sem var forseti ARRL og IARU var þeirrar skoðunar að amatörfélögin ættu að blanda sér meira í málin, sýna meiri ábyrgð og undirbúa sig betur fyrir ráðstefnur. Hann setti í gang átak hjá ARRL og IARU til að kenna amatörfélögum og uppfræða þau um ábyrgð sína og getu. Árið 1964 valdi Hoover mig til að gerast “farandsölumaður” fyrir ARRL og IARU. Ég fór með konu minni í 6 vikna ferðalag og heimsótti amatörfélög um mestalla Evrópu. Síðar sama ár fór ég á tveggja vikna ráðstefnu í Genf. Síðan hef ég verið á

ferðalögum alla tíð, þar á meðal hef ég farið a.m.k. tvær ferðir til Íslands.

TF3KB: *Já, ég minnst þess að Ólafur Axelsson, TF3AW heitinn, fyrrverandi formaður ÍRA, sagði mér frá a.m.k. einni heimsókn þinni og því að þú varst hvatamaður að því að ÍRA gekk í IARU Region 1, sem ÍRA gerði eftir eina heimsókn þína, en ÍRA hafði ekki verið félagi í því áður, aðeins alheimssamtökunum, IARU. Hvernig sérð þú fyrir þér nánustu framtíð amatörhreyfingarinnar?*

W1RU: Ég held að mörg amatörfélög geri sér grein fyrir því, vegna þess að hægt hefur á vexti hreyfingarinnar, að þau þurfa að gera meira til að hvetja ungt fólk. Þau þurfa að fjölga þjálfunarverkefnum. Þau þurfa að “selja” hugmyndina um amatörradíó. Á því eru skiptar skoðanir, hvernig að því skuli staðið. Enginn veit ennþá hve besta leiðin er. Mín persónulega skoðun er að ég er á móti því að lækka staðalinn, svo amatörradíó verði systir CB. Það er viss tilhneiging, sem ég er persónulega ekki hrifinn af, til að lækka staðalinn, en vera kann að ég hafi rangt fyrir mér. Ég held að flest félög þurfi að gera aukið átak í því að fá fólk til að verða radióamatörar og bæta aðferðirnar við að halda próf og gefa út leyfi, þannig að allt það ferli verði auðveldara.

TF3KB: *Nú hefur þú tekið mikinn þátt í uppbyggingu amatörradíós í Afríku. Getur þú sagt okkur frá því?*

W1RU: Já, þróun amatörradíós í Afríku er mikilvæg, því í allri Afríku, að Suður-Afríku undanskilinni, eru aðeins um eitt þúsund amatörar og Afríka er afar stór heimsálfa. Því þurfum við að gera meira til að örva amatörradíó í Afríku. Við gerum það nú með þrennum hætti, og ég held að ráðstefnan hér hafi ekki viðurkennt sem skyldi, að í gangi eru fleiri verkefni en STARS (*Support to Amateur Radio Service*). STARS er mikilvægt, STARS er stuðningur við amatörradíóþjónustuna, sem örvar, eða reynir að gangsetja amatörstarfsemi í einstökum löndum, þar sem lítil eða engin starfsemi er nú, en það er aðeins hluti af verkefninu. Annað verkefni er það sem við köllum ADP (*African Development Program*) og í því þjálfum við sendiherra fyrir amatörhreyfinguna. Það eru ekki nægilega margir í stjórn IARU Region 1 og það eru ekki nægilega margir í Ráði IARU (e. AC - *Administrative Council*) til að fara í öll þau ferðalög og stunda alla þá “sölumennsku,” sem nauðsynleg er.

Því höfum við verið að þjálfva sendiherra, og þeir þurfa ekki að vera amatörar, þeir geta verið einstaklingar í áhrifastöðum, sem geta lagt inn gott orð fyrir okkur, þegar þörf gerist. Enn eitt þjálfunarverkefni til

að þjálfandi sendiherra, eins og ég hef lýst, hefst snemma á næsta ári. Þriðji hluturinn, sem við gerum í Afríku er að halda námskeið í stjórnun og skipulagi amatörradíós (Amateur Radio Administration Course), sem er ekki beint að amatörum, heldur stjórnendum, til að sýna þeim fram á gildi amatörradíóþjónustunnar, til að kynna þeim alþjóðareglugerðina, og hvernig þeim alþjóðareglugerðum má breyta í reglugerðir hvers lands, reglugerðir sem örva vöxt amatörradíós, en vernda á sama tíma hagsmunum stjórnvalda. Þessi námskeið hafa verið mjög árangursrík.

TF3KB: Og þú hefur stjórnað þessum námskeiðum?

W1RU: Já, ég skrifaði upphaflegan námskeiðstexta og ég hef verið nú aðalleiðbeinandi nú í u.þ.b. 35 skipti. Við höfum nú þjálfað rúmlega 350 starfsmenn og stjórnendur í u.þ.b. 75 löndum. Þetta hefur verið mjög gagnlegt verkefni.

TF3KB: Og hverjir hafa fjármagnað þetta?

W1RU: IARU hefur aðallega greitt reikninginn og fjármagnað ferðir mínar að mestu leyti, en stundum hefur IARU Region 1 einnig hlaupið undir bagga og við gerum þetta viðkomandi stjórnvöldum að kostnaðarlausu.

TF3KB: Hvernig sérð þú fyrir þér nánustu framtíð amatörradíós?

W1RU: Ný tækni mun halda áfram að dynja á okkur og við radióamatörar munum laga okkur að þeirri tækni. Ég held að það verði erfitt fyrir radióamatöra að vera eins uppfinningasamir og á árum áður, því þetta er orðið svo flókið. Rafeindaiðnaðurinn er orðinn svo flókinn, að erfitt er fyrir einstaklinginn að ráða við allar hliðar hans. Ég held að áhersla radióamatöra þurfi frekar að vera á þjónustu. heldur en tækniþróun. Ég mótmæli því harðlega að nota orðið “hobby” eða tómstundagaman um amatörradíó. Amatörradíó er ekki hobby, heldur þjónusta. Amatörradíó er þjónusta, skilgreind af ITU, Alþjóða Fjar-skiptasambandinu, amatörradíó er þjónusta við mannkynið. Ein leið til að veita þjónustu, er að veita fjarskiptaþjónustu á tímum náttúruhamfara, jarð-skjálfta, fellibylja eða annars. Þó ekki á tímum borgarastyrjalda eða hernaðaraðgerða, heldur náttúruhamfara. Ég álit að framtíð amatörradíós sé björt við að annast þesskonar samskipti.

TF3KB: Hvernig lítur þú á spurninguna um morsið?

W1RU: Ég lít á morsið sem nokkurskonar síu. Það skilur á milli þeirra, sem hafa ekki raunverulegan áhuga á amatörradíói og þeirra sem hafa djúpan og tryggan áhuga. Ég minni aðeins á dæmi frá

Bandaríkjunum, þar sem við höfðum gífurlegan vöxt í CB á áttunda áratugnum (1977-78). FCC gaf þá út 5 milljónir CB leyfa á mánuði. Við reyndum að fá þetta fólk inn í raðir amatöra. Við náðum árangri til skamms tíma að hluta til, en þetta fólk hafði ekki áhuga á amatörradíói eins og við þekkjum það, heldur var radió í þeirra augum einskonar upphafinn farsími. Það hafði áhuga á að tala, en ekki framkvæma. Þetta fólk veitti enga þjónustu. Ég lít því á morsið sem leið til að finna út hver hefur áhuga í raun og veru, hver getur aukið veg amatörradíós og hver ekki.

TF3KB: En hvernig lítur þú á horfurnar á að þessi krafa haldist?

W1RU: Við munum líklega halda henni um stund. Kröfurnar munu smám saman lækka, frá 100 stöfum á mínútu í 60 stafi á mínútu og í 20 stafi á mínútu. Ég sé fyrir mér lækun á staðlinum að öðru leyti, en það þýðir ekki að ég sé því sammála.

TF3KB: Þú kemur við á Íslandi á leið heim frá Noregi, er það ekki?

W1RU: Jú, ég og konan mín ætlum að dvelja tvo daga í Reykjavík, fara í útsýnisferðir, ganga um borgina og við ætlum að njóta dvalarinnar.

Þetta sagði W1RU að lokum og eyddi með því ýjun minni að því, hvort ég ætti að koma honum í samband við einhverja íslenska amatöra.

IARU & Svæðin þrjú

International Amateur Radio Union, Alþjóðasamband radióamatöra er

- Stofnað í París 1925.
- Fulltrúi aðildarfélaga og radióamatöra gagnvart ITU og svæðisbundnum reglugerðastofnunum eins og CEPT o.fl.
- Sjálfstætt félag (NGO) viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum.
- með 172 aðildarfélög.

IARU verður sem sagt 100 ára 2025, og eru menn þegar farnir að leggja höfuðið í bleyti, um hvernig halda eigi upp á það.

Stjórnarfyrikomulag IARU er skilgreint í grunnlögum þess. Forseti og varaforseti IARU eru kjörnir af landsfélögum eftir vel unna tilnefningu af hálfu Alþjóðaskrifstofunnar. Þeir eru kjörnir til fimm ára.

Umræða hefur stundum komið upp varðandi það fyrikomulag, að heimsfélagið IARU sé hjá ARRL. 1950 varð umræða um þetta í Evrópu. Töldu sumir eðlilegra að höfuðstöðvar IARU væru í Evrópu með hliðsjón af því að ITU væri í Evrópu, í Genf. Evrópu-menn treystu sér þó ekki á þeim tíma til að koma fram

með breytingartillögu, en stofnuðu þess í stað IARU Svæðis 1 félagið. Svæðis 2 félagið er síðan stofnað 1964, og Svæðis 3 félagið 1968. IARU er síðan endurskipulagt 1982 með nýjum grunnlögum með núverandi fyrirkomulagi, róterandi ráðstefnum Svæðanna þriggja og Allsherjarráðið skilgreint.

Umræðan um skipulag IARU hefur þó dúkkað upp aftur á síðari árum og haldið áfram „í rólegheitum“, sbr. að það var til umræðu á síðasta fundi Ráðsins 16. Janúar 2023. (<https://www.iaru.org/reference/ac-summary-records/>)

Fordæmi Hoovers og Dick lifir áfram

STARS verkefnið í IARU Svæði 1 (STARS, Support to the Amateur Radio Service) er fastur vinnuhópur undir yfirumsjón framkæmdanefndar Svæðis 1. Hefur það hlutverk að verja, styðja, útvíkka og þróa amatörradíóþjónustuna einkum í löndum þar sem starfsemi radióamatöra er lítil sem engin.

Dæmi um þetta er málstofa tíðnimála- og reglugerða, sem haldin var árið 2015 til að aðstoða þarlend stjórnvöld við að koma amatörþjónustu á laggimar í Suður Súdan. Flestir þátttakendanna 21 vinna hjá Fjarskiptastofu eða innanríkisráðuneyti Suður Súdan.



Frá tíðnimála og reglugerða málstofu IARU Svæðis 1 í Suður Súdan 2015

Allsherjaráð IARU

sem e.t.v. mætti kalla svo, en við stytum hér og köllum það Ráðið eða Ráð heimssamtaka IARU (e. *AC - Administrative Council*) gegnir sérstöku hlutverki í efsta stjórnunarlagi IARU. Ráðið nýtur aðstoðar Alþjóðaskrifstofu IARU (e. *IS - International Secretariat*) sem hefur aðsetur hjá ARRL nú um stundir.

Ráðið

- Samstillir hagsmuni og fulltrúa radióamatöra á alþjóðaráðstefnum og svæðisbundnum fjarskiptasamböndum undir stjórn forseta IARU.
- Mótar langtíma stefnumörkun í náinni samvinnu við Svæðasamtökin í þeim tilgangi að varðveita grundvallartilgang amatörradíós.

- Samhæfir vinnu Svæðasamtakanna í öllum sameiginlegum málum.
- Gerir þær tillögur til landsfélaga, sem nauðsynlegar kunna að vera til stuðnings markmiða IARU.
- Samþykkir tillögur og tilmæli, sem stuðla að virkni IARU.

Í Ráðinu eru formaður, varaformaður og ritari IARU og að auki tveir fulltrúar frá hverju Svæðanna þriggja.

Vinnuhópar og -nefndir IARU Svæðis 1

IARU Svæði 1 starfar á mjög breiðu sviði og lætur sér fátt ef nokkuð óviðkomandi, sem að málefnum radióamatöra snýr, enda áhugamálið fjölbreyttara en margir halda. Eftirtalin heiti á starfandi nefndum og vinnuhópum innan IARU Svæðis 1 gefa innsýn í þetta margháttaða starf:

- ARDF – Refaveiðar (*Amateur Radio Direction Finding*) - Dusa, YU1EA.
- ARSPEX – Geimrannsóknir (*Amateur Radio Space Exploration*) - Stefan, ON6TI.
- EMCC – Rafsegulsamhæfi (*EMC committee (C7)*) - Wolf, OE1MHZ.
- EMCOMM – Neyðarfjarskipti (*Emergency Communications*) - Greg, G0DUB.
- HF – HF/Stuttbylgjunefndin (*HF committee (C4)*) - Tom, DF5JL.
- HF – HF/radíóvitar Svæði 1 (*beacon Region 1*) - Dennis, ZS4BS.
- HST – Háhraða mors (*High Speed Telegraphy*) - Oliver, Z32TO.
- IARUMS – Hlustunarkerfið (*Monitoring System R1*) - Gaspar, EA6AMM.
- IPDA – Upplýsingamiðlun fyrir fatlaðra radióamatöra (*Information Programme for Disabled Radio Amateurs*) - Thomas, HB9FXU.
- PRC – Stjórnáttengslanefnd (*Political Relations Committee*) - Séamus, EI8BP.
- R1 satellite coordinator – Gervihnattaskipuleggjandi Svæðis 1 - Graham, G3VZV.
- SRLC – Tíðni- og reglugerðanefnd (*Spectrum and Regulatory Liaison Committee*) - Barry, G4SJH.
- STARS – Stuðningur við amatörradíó (*Support to The Amateur Radio Service*) - Vacant.
- VHF+; – VHF/UHF/SHF nefndin (*VHF/UHF/SHF committee (C5)*) - Dick, PA2DW.
- C5CWG – VHF/UHF/SHF keppnisnefnd (*VHF/UHF/SHF Contest Working Group*) - Dick, PA2DW.
- VHF+; – VHF+ vitar (*beacons*) - Mathias, DH4FAJ.
- Youth – Ungmennanefnd Svæðis 1 - Philipp, DK6SP.

Gott samband við reglugjafa

IARU hefur alltaf lagt ríka áherslu á það við landsfélög að halda góðu sambandi við reglugjafa. Enda er það eitt fyrsta umræðuefnið á flestum fundum, að menn segja fréttir og deila reynslusögum um hvernig það samband sé þá stundina, sem stundum er með ýmsu móti. Ýmis hollráð hafa gegnum tíðina séð dagsins ljós í því sambandi, svo sem:

- Mikilvægi samfellu – einn einstaklingur tengiliður við reglugjafa um árabil.
- Viðkomandi verður að vera ákaflega fagmannlegur, þroskaður í hugsun, góður samningamaður og vel að sér um allt er varðar tíðnimál (enga lukkuriddara).
- Ekki ætti að skipta um tengilið við stjórnarskipti í félaginu. – Embætti tengiliðs þarf að vera til langs tíma.
- Þegar viðkomandi hættir, fari mannskipti fram á viðeigandi og formlegan hátt gagnvart reglugjafa.
- Viðkomandi sé reglulega í sambandi við formann SRLC vinnuhópsins [Tíðni- og reglugerðanefnd (Spectrum and Regulatory Liaison Committee) – núv. formaður Barry, G4SJH]

Hvers vegna skiptir þetta máli? Jú

- CEPT vinnur eftir sammæli (consensus).
- IARU getur ekki rökstutt tíðnimál í CEPT nema reglugjafar talsvert margra landa séu sammála.
- Sá stuðningur getur aðeins orðið til í sambandi landsfélaga við reglugjafa hvers lands.
- Það er aðeins mögulegt með góðu og samfelldu sambandi landsfélaga og reglugjafa.

RR Alþjóða radióreglugerð ITU

ITU, International Telecommunication Union, Alþjóða Fjarskiptasambandið starfar í nokkrum lögum og geirum (sektorum, e. sector).

Radíógeirinn, ITU Radio-communication Sector, skammstafað ITU-R, er sá geiri, sem aðallega að okkur radióamatörum snýr. Þar er radiótíðnisviðið skipulagt og allt sem því tilheyrir. RR er plaggið, mikil ritsmíð í fjórum bindum, sem inniheldur niðurstöðurnar. (<https://www.itu.int/pub/R-REG>)



Alþjóða radióreglugerð ITU upp á 2462 síður.

Stöðugt er unnið að endurskoðun á RR í mörgum nefndum og ráðum, sem skila álitum, sem síðan er tekið fyrir á ráðstefnum, þar sem lokasamþykkt eða synjun á nýjum og breyttum ákvæðum fer fram. Síðustu ár hafa þessar ráðstefnur verið á 3-5 ára fresti. Næsta ráðstefna WRC-23 verður í Dubai 20. nóv.-15. des. 2023.

Þótt í orðið kveðnu sé RR „tilmæli“ (e. *recommendation*) eru þau engu að síður reglugerð, þótt með nokkrum sveigjanleika sé, því stjórnvöld aðildarlandanna hafa samþykkt þau og undirritað.

Tvær þjónustur radióamatöra eru skilgreindar í RR grein 25, þ.e. I. Amatörradíóþjónustan og II. Amatörradíógervihnattaþjónustan. Nánar fjallað um radióamatöra í RR greinum 1.56, 1.57, 5 og 19 og ITU-R M.1544.

IARU var 1932 samþykktur aðili að CCIR vinnuhópi, sem var fyrirrennari ITU-R geira (e. *sector*) ITU og hefur verið að fullu virkur þátttakandi í viðeigandi ITU-R rannsókn- og vinnuhópum. IARU tekur þátt í



Vel heppnaður og ánægjulegur fundur 7. maí 2013 með fulltrúum ÍRA, Fjarskiptastofu og LA2RR og PB2T m.a. um undirbúning fyrir WRC-13

International Telecommunication Union Alþjóða fjarskiptasambandið



ITU-R
Radiocommunication
standardization and
global radio
spectrum
management

ITU-T
Telecommunication
standardization of
network and service
aspects


ITU-D
Assisting implementation
and operation of
telecommunications in
developing countries

- Alþjóðleg stofnun, ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna
- Höfuðstöðvar í Genf, Sviss
- Ríkisstjórnir og einkaaðilar samhefa notkun tíðnisviðsins
- Plenipotentiary ráðstefnur = ráðstefnur með æðsta vald
 - hafa lokaorðið
- IARU er áheyrnarfulltrúi
 - fer að taka þátt og leggja fram upplýsingar
 - en hefur ekki kosningarétt

WRC- og Plenipotentiary ráðstefnum ITU, án tillögu- og atkvæðisréttar, sem er í höndum stjórnvalda í hverju landi.

(<https://www.itu.int/en/ITU-R/Pages/default.aspx>)

Nýr aðalritari ITU var kjörin 29. sept. 2022, það er Doreen Bogdan-Martin, sem er radióamatör með kallmerkið KD2JTX.



Nýr aðalritari ITU Doreen Bogdan-Martin, KD2JTX kjörin 29. sept. 2022


Ómögulegt væri fyrir aðildarríkin 193 að komast að samkomulagi um allt á sjálfum WRC ráðstefnunum. Undirbúningur fyrir WRC ráðstefnur ITU er ákaflega vandaður og faglegur, og vel unnið að því mánuði og



IARU með öfluga viðveru á ráðstefnum ITU, eins og sjá má á þessari mynd frá WRC-19.

IARU teymið á WRC-19 frá vinstri til hægri: JA1CJP, PB2T, K1ZZ, DF2ZC, VE3QN, PY2ZX, VE6SH, LA2RR, WB3ERA, VK2EMR, DK4VW, G6JYB, VK1DSH og EI3IO.

WRC-23 Preparatory Process



Skipulag undirbúnings WRC-23, sem verður í Dubai 20. nóv.-15. des. 2023

ár fyrir hverja ráðstefnu, að komast að sammæli (consensus) á vinnufundum. Þannig fer minnstur tími í „þref“ á ráðstefnunum sjálfum.

(<https://www.itu.int/wrc-23/>)

Öflug norræn YL starfsemi

Norrænar YL konur hafa síðan 2003 staðið fyrir öflugri norrænni YL starfsemi, með öflugum fulltrúum okkar í þeim hópi, þeim TF3VB, TF3VD og TF3GD.




Haldið var SYLRA mót hér á landi árið 2015, og næsta SYLRA mót verður í Kaupmannahöfn 16. ágúst 2023, og þá haldið upp á 20 ára afmælið.

SYLRA
Scandinavian YL Radio Amateurs

(www.sylra.is)

Morsið

Nú, eftir að morsið er ekki lengur kvöð, er áhuginn samt stundum sjálfsprottinn. Mors er spennandi og skemmtilegt viðfangsefni, sem „dúkkar upp“ á ólíklegustu stöðum, sbr. þættina „Stutt langt stutt,“ á RÚV, nýlega umfjöllun á Smithsonian um að morsið sé komið til baka => <https://www.smithsonianmag.com/innovation/morse-code-back-looking-ditch-twitter-180981309/> og morskfélag skólafélagsins í MR.



Morsó, sjálfsprottið morskfélag í MR

YOTA ungmennastarf IARU Svæðis 1

Öflugt ungmennastarf hefur vaxið og dafnað innan IARU Svæðis 1 á undanförunum árum, unnið og skipulagt af YOTA, „Youngsters On The Air“ vinnuhópnum í Svæði 1. Margvíslegir YOTA viðburðir hafa séð þar dagsins ljós, eins og

1. Sumarbúðir alls Svæðis 1,
2. Sumarbúðir sérsvæða,
3. ÞÞ - Þjálffum þjálfarann
4. YOTA mánuður
5. YOTA á netinu
6. YOTA keppnisæfingar
7. YOTA keppni

<https://www.ham-yota.com/>

Sumarbúðirnar hafa nú farið aftur af stað eftir Covid hlé. Þátttaka okkar er undir frábærri forystu Elínar



Elin, TF2EQ ungmennafulltrúi ÍRA, glæsileg, öflug og ötul við þátttöku á YOTA fundum og halda fánanum á lofti!



TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA, sem hefur sótt marga viðburðina, nú síðast í Króatíu á sl. sumri.

Næst á dagskránni eru NOTA (Nordics On The Air), norrænu sumarbúðirnar, sem verða haldnar 6.-9. júlí 2023 í bænum Rakkestad, sem er suðaustan við Osló í átt að sænsku landamærunum. Sérsvæða- sumarbúðir verða einnig haldnar á Spáni 30. apríl til 2. maí 2023 í borginni San Lorenzo de El Escorial (Madrid).

YOTA sumarbúðir alls Svæðis 1 verða síðan haldnar í Ungverjalandi 5.-12. ágúst 2023 í bænum Győr.

Smíðahefðin

Radíóamatörar í Evrópu hafa leyfi til að smíða og breyta fjarskiptastöðvum til amatörnota, sem fáir ef nokkrir aðrir einstaklingar hafa.

Þetta ber að þakka þeim Gaston Bertels, ON4WF þáverandi formanni belgíska amatörfélagsins og Fernando M. Fernandez Martin, EA8AK (<https://www.qrz.com/db/EA8AK>) þáverandi þingmanni fyrir Kanaríeyjar á Evrópuþinginu. Þeir fengu samþykktu undanþágu gagnvart CE merkingu til handa radíóamatörum.

Framtíðar tækniþópur Svæðis 1 (<https://hamprojects.ch>) leggur áherslu á að nálgast smíðahefðina á breiðum nútímalegum grunni. Þ.á.m. að radíóamatörar líti í kringum sig til ýmissa smíða- og tækniþópa, með skyld áhugamál.

Einn slíkra hópa er Fab-Lab hreyfingin, sem telur hátt í 2 þúsund Fab Lab stöðvar um allan



Nýtt logo tileinkað framtíðarviðhorfi IARU

heim, þar af 11 hér á landi. <https://fablab.is/> <https://www.flr.is/>

Þar hafa menn aðgang að öflugum smíðagræjum eins og þrívíddarprenturum, geislaskerum vinylskerum, stafrænum saumavélum, fræsurum og öflugum rafeinda-svæði, þar sem m.a. má búa til prentplötur með fræsing. Aðgangur er ókeypis, en greiða þarf f. efnis- og tækjanotnun.

Ágætis kynning á Fab Lab Reykjavík er hér:

<https://vimeo.com/event/3222008>



Bókahorn ÍRA

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA

Til umfjöllunar: The ARRL Handbook for Radio Communications, 2023 100th Edition

Ritstjóri: H. Ward Silver, N0AX

Útgefandi: ARRL, the American Radio Relay League, Inc.


Útgáfa: 100. útgáfa 2023

Blaðsíðufjöldi: 1360

Brot: 21,8 x 28,5cm. (Einnig í boði á stafrænu formi.)

ISBN: 978-1-62595-157-1

Verð: \$79,95, flutningskostnaður til Íslands um \$50. Í verðinu fylgir stafræn útgáfa fyrir Windows, MAC og Linux. Einnig er hægt að kaupa eingöngu stafræna útgáfuna fyrir \$69,95 og kilju sem skipt er upp í sex bækur, einnig fyrir \$69,95. Stafræna útgáfan fylgir einnig með henni.



Sú útgáfa handbókarinnar sem um er fjallað er gefin út sem innbundið safnaraeintak og er bindið svart með silfurlitu þrykki. Í miðri bók eru nokkrar litprentaðar síður þar sem farið er yfir sögu handbókarinnar og hún rakin áratug fyrir áratug. Þar er einnig skemmtilegt viðtal við handbókarsafnarann Jim „Skip“ Youngberg, K1NKR sem hefur safnað bókinni um áratugaskeið og á nú allar útgáfur hennar. Segja verður að þessi bók er einstaklega eigulegur gripur, afar smekklega sett upp og full af nytsamlegum fróðleik.

Handbókin kom fyrst úr árið 1926 og geta nú margir rekið upp stór augu, ekki 1923. Á þessum árum áttu sér stað miklar framfarir í radiótækni og -fræðum. Fram að þessu fóru t.d. öll radióviðskipti fram á morsi en í útgáfunni sem kom 1932 var nýr kafli um tal yfir radió þar sem AM var skýrt út. Fyrsti höfundur handbókarinnar hét því viðeigandi nafni Francis Edward Handy, W1BDI og kölluðu amatörar bókina „Handy's handy Handbook“. Handy vann með duglegum meðhöfundi sem hét Ross Hull, VK3JU. Sameiginlega höfðu þeir búið til sjö útgáfur árið 1930 og árið 1938 voru þær orðnar 16, en þá féll Hull frá af völdum raflosts, langt um aldur fram. Fyrsta bókin var 178 bls. og kostaði \$1.

Það gefur að skilja að við efnisval í nýrri uppfærðri útgáfu þarf ýmislegt gamalt og gott að víkja fyrir efni sem er meira áriðandi fyrir líðandi stund. Dæmi um þetta er umfjöllun um Smith kort sem er nærri alveg horfin úr þessari útgáfu. Undirritaður á einnig útgáfuna frá 2009 og þar er tveimur síðum varið í að

útskýra kortin og hverju má ná fram með þeim. Til huggunar er þó í nýju útgáfunni bent á þetta efni í eldri útgáfum, ýmsan hugbúnað sem nýta má til vinnu með Smith kortum og auk þess er bent á upplýsingar á netinu um Smith kort.

Hér er ekki pláss til þess að fjalla um alla kafla bókarinnar en hægt er að taka stikkprufur. 8. kafli fjallar um stafræna merkjameðhöndlun og hugbúnaðarradíó (e. *Software Defined Radio, SDR*). Eins og kunnugt er byggjast sífellt fleiri tæki amatöra á hugbúnaðarradíói og er verkun þess skýrð út og borin saman við hefðbundnari aðferðir. Ítarlega er farið yfir verkun A/D og D/A breyta og verkun stafrænna merkjareikna skýrð út. Farið er yfir grunnatriði stafrænnar merkjavinnslu eins og sýnatöku og afleiðingar sýnatöku fyrir tíðniróf merkja. Að lokum er stafræna Fourier vörpunin skýrð út á mannamáli og m.a.s. hin hraða útfærsla hennar sem kölluð er hröð Fourier vörpun eða FFT, Fast Fourier Transform. Stafræna Fourier vörpunin er skýrð í báðar áttir, frá tímarúmi yfir í tíðnirúm og andhverfa vörpunin frá tíðnirúmi í tímarúm.

Annar frábær kafli í bókinni er sá 15. sem fjallar um stafrænar fjarskiptareglur og -hætti. Þarna eru ýmis grunnhugtök útskýrð eins og tákni, bitar og baud. Einnig er fjallað um villuskynjun og -leiðréttingu, lindar- og rásarkóðun og hvernig gögn, myndir og tal eru búin til stafrænna fjarskipta. Að sjálfsögðu er einnig fjallað um afmótun og afkóðun stafrænna merkja. Meira að segja er farið í dýptina og fjallað um földunarkóðara og stokkara. Gömlum stafrænum fjarskiptaaðferðum er lýst eins og RTTY, hægskönnuðu sjónvarpi og Hellschreiber og einnig WSJT-X háttunum (WSJT stendur fyrir **W**ea**S**ign**J** communication by **K**8**J****T**) en í þeirri fjölskyldu eru m.a. FT4, FT8 og WSPR. Ekki er staldrað þar við og spánnýjum háttum er lýst eins og FreeDV sem gerir kleift að senda stafrænt tal á litlum bitahraða með hvaða SSB sendi sem er.

Hundraðasta útgáfa handbókarinnar er ákaflega eigulegur gripur, bæði nytsamlegur og fagur. Bókin er full af áhugaverðu efni sem er vel fram sett og skiljanlegt. Þeir verða ekki sviknir sem kaupa bókina.

73 de TF3UA



Viðurkenningar radióamatöra

Brynjólfur Jónsson TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA

Fyrir tæpu ári [í 3. tbl. 2022] voru taldar upp átta af þekktustu og vinsælustu viðurkenningum radióamatöra. Ekki var fjallað um þær að öðru leyti nema að gefnar voru upp vefslóðir á heimasíður. Í þessu blaði er hugmyndin að kynna eina þeirra betur. Það er WAE (*Worked All Europe*) sem er gefin út af landsfélagi radióamatöra í Þýskalandi (DARC).

WAE viðurkenningin er elst og þekktust af viðurkenningum DARC. Til grundvallar eru sambönd við stöðvar í mismunandi löndum á WAE lista (DXCC listi fyrir Evrópulönd auk 4U1V United Nations Vienna International Center; GM/S Shetland Islands og IT Sicily) á allt að fimm böndum. Almennt eru ekki takmarkanir á gildistíma sambanda (en er sérstaklega getið ef svo er). Sambönd þurfa að vera staðfest. GCR listi gildir fyrir pappírskort. Rafrænar staðfestingar á LoTW, eQSL og Clublog eru einnig teknar gildar.

Afar handhægt er að sækja um viðurkenningarnar á rafrænan hátt með því að skrá sig í þjónustuna DCL (*DARC Community Logbook*). Þetta er svipað og LoTW sem margir þekkja en er rekið af landsfélagi radióamatöra í Þýskalandi. Þjónustan er ókeypis og auðvelt er að flytja sambandsupplýsingar þangað inn frá öðrum rafrænum gagnabrunnum, t.d. frá LoTW, og Clublog. Að því loknu er hægt að sjá á einfaldan hátt hvaða stig viðurkenningarskjala innstæða er fyrir og



sækja um rafrænt. Vefsíða viðurkenningarinnar er:

<https://www.darc.de/en/der-club/referate/committee-dx/diplome/wae-award/>


Hægt er að fá WAE gefið út sérmerkt fyrir sambönd á CW, RTTY, SSB, Phone, FT8 og „Digital and Mixed Modes“.

Í boði eru fimm flokkar: WAE III, WAE II, WAE I, WAE TOP og WAE Trophy. Hvert staðfest samband við stöð í landi á WAE lista gefur 1 punkt á bandi. Í boði er að nota sambönd við hvert land á mest 5 böndum, samanber töflu.

Kostnaður: Viðurkenningarskjal á pappír €7; skjal til eigin niðurhals €3; WAE TOP €25 og WAE TROPHY €30. Fyrirspurnir og umsóknir. Wolfgang Böhmer, DF8AA. Tölvupóstfang: df8aa@darc.de

Upplýsingar um Worked All Europe viðurkenningarnar:

FLOKKUR	LÖND Á WAE LISTA	PUNKTAR/ÆDRAR KRÖFUR	ANNAÐ
WAE III	a.m.k. 40 lönd	100 punktar	
WAE II	a.m.k. 50 lönd	150 punktar	Öll lönd á WAE lista gilda
WAE I	a.m.k. 60 þjóðlönd	200 punktar	Öll lönd á WAE lista gilda
WAE TOP PLAQUE	a.m.k. 70 lönd	300 punktar	Afskráð lönd á WAE lista gilda ekki
WAE TROPHY	öll lönd á WAE lista	365 punktar a.m.k. á fimm böndum	Afskráð lönd á WAE lista gilda ekki
WAE CLASSIC	Fyrir sambönd eftir 1.1.2003. Viðurkenningin er gefin út fyrir mótun, þ.e. annaðhvort: 2xCW eða 2xPhone í flokki WAE III, II eða I. Þessi bönd gilda: 1.8 MHz, 3.5 MHz, 7 MHz, 14 MHz, 21 MHz og 28 MHz. Til grundvallar eru allt að fjögur bönd fyrir hvert land.		



Valmyndir DCL loggbókarinnar eru einfaldar og aðgengilegar.



Íslenskir radióamatörar; starfstímabilið 2022/23

Fundur nr. 7 í stjórn ÍRA; haldinn í Skeljanesi 18. janúar 2023 kl. 18:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL varaformaður, TF3PW gjaldkeri, TF3GS ritari, TF3GZ meðstjórnandi, TF3UA varamaður og TF1EIN varamaður.

Tillaga að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi (10. nóvember 2022).
3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.
4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2022.
5. Aðalfundur 2023 (sunnudag 19. febrúar).
 - a. Fundarstaður og veitingar.
 - b. Fundarboð aðalfundar; skv. 17. gr. félagslaga.
 - c. Dagskrá aðalfundar; skv. 19. gr. félagslaga.
 - d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.
6. Ársskýrsla fyrir starfsárið 2022/23.
7. Vetrardagskrá 2023 (2. mars - 11. maí).
8. Námskeið til amatörprófs (20. mars - 20. maí).
9. Flóamarkaður að vori 2023 (sunnudag 7. maí).
10. CQ TF (1. tbl. 2023 kemur út 22. janúar).
11. Loftnetamál TF3IRA (stöðuskýrsla).
12. Stuðningur félagssjóðs við rekstraraðila viðtækja yfir netið (framhaldsumræða).
13. Önnur mál.
 - a. Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz v. þátttöku í alþjóðl. keppnum 2023 (17.11.2022).
 - b. Endurnýjun FST á sérheimild á 70 MHz fyrir almanaks-árin 2023 og 2024 (17.11.2022).
 - c. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2022/23; þakkar-ávarp formanns.
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá

Formaður, TF3JB bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:00. Framlögð tillaga að dagskrá var samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð lögð fram frá 6. fundi 10. nóvember 2022.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir innkomin/útsend erindi á milli funda.

Formaður, TF3JB fór yfir og skýrði innkomin og útsend erindi.

4. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2022.

Vinna við uppsetningu ársreiknings stendur yfir og verður hann tilbúinn til skoðunar innan 10 daga. Staða félagssjóðs

er 1.823.702 krónur. Alls greiddu 165 félagsgjöld fyrir síðasta ár. Innheimta 15 ógreiddra félagsgjalda féll sjálf-virkt niður um áramót í heimabanka.

5. Aðalfundur 2023 (sunnudag 19. febrúar).

a. Fundarstaður og veitingar.

Formaður, TF3JB skýrði frá því að fundarsalur hafi verið pantaður og að við fáum sömu aðstöðu og í fyrra (2022). Framlögð tillaga um að veitt verði kaffi á fundinum var samþykkt.

b. Fundarboð aðalfundar; skv. 17. gr. félagslaga.

Í 17. gr. félagslaga segir m.a.: „Aðalfundur er löglegur ef til hans er boðað með tölvupósti og auglýsingu á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda þeim félagsmönnum skriflegt fundarboð sem ekki hafa skráð netfang hjá félaginu eða hafa sent stjórn félagsins skriflega ósk þess efnis. Fundarboð skal birta eða pósthleggia eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag“.

Fram kom, að fundarboð verður birt í 1. tbl. CQ TF sem kemur út 22. janúar. Í viku 4/2023 verður birt formlegt fundarboð á heimasíðu og FB síðum. Sama dag verða sendir tölvupóstar á alla félaga sem eru með skráð netföng hjá félaginu. Aðrir fá sent fundarboð pósthlagt sama dag.

c. Dagskrá aðalfundar; skv. 19. gr. félagslaga.

Farið var yfir framlagða dagskrá aðalfundar samkvæmt 19. gr. Samþykkt að leita til TF3VS með fundarstjórn og TF3UA með fundarritun á aðalfundinum.

d. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, skv. 29. gr. félagslaga.

Stjórn félagsins bærast ekki tillögur til lagabreytinga þetta árið.

6. Ársskýrsla fyrir starfsárið 2022/23.

Formaður, TF3JB lagði fram útprentað vinnuskjal að ársskýrslu ÍRA 2022/23. Skýrslan liggur fyrir að mestu leyti og verður alls 239 blaðsíður að stærð. Stjórnarmenn þökk- uðu formanni fyrir þetta mikla framlag. Samþykkt sam- hljóða að framleiða 40 eintök á kostnað félagssjóðs.

7. Vetrardagskrá 2023 (2. mars - 11. maí).

Undirbúningur að vetrardagskrá 2023 fyrir tímabilið 2. mars til 11. maí er hafinn. Byrjað er að ræða við áhugasama aðila. Tillaga að dagskránni verður lögð fram á 1. fundi nýrrar stjórnar eftir aðalfund 19. febrúar n.k.

8. Námskeið til amatörprófs (20. mars - 20. maí).

Fjöldi fyrirspurna hafa borist um hvenær næsta námskeið félagsins til amatörprófs verði haldið. Formaður heldur utan um verkefnið og svarar fyrirspurnum. Með tilvísan til fyrri umfjöllunar, er til viðmiðunar að halda námskeiðið 20. mars til 20. maí n.k.

9. Flóamarkaður að vori 2023 (sunnudag 7. maí).

Flóamarkaður félagsins að hausti sem haldinn var 9. október síðastliðinn gekk með afbrigðum vel. Fjöldi fyrirspurna hefur borist um næsta markað, en fyrir Covid-19 faraldurinn voru flóamarkaðir yfirleitt haldnir tvisvar á ári, að vori og að hausti. Til viðmiðunar er að halda flóamarkað að vori sunnudaginn 7. maí 2023.

10. CQ TF (1. tbl. 2023 22. janúar).

1. tbl. 2023 kemur út 22. janúar. Sæmundur E. Þorsteinson, TF3UA nýr ritstjóri blaðsins gaf yfirlit um efni í blaðinu sem verður 56-60 blaðsíður. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS vinnur að uppsetningu þess. Nýja blaðið verður 20. tölublað CQ TF sem hann setur upp frá því hann kom til liðs við félagið á ný í apríl 1918, en hann annaðist umbrot 5 tölublaða CQ TF frá apríl 2012 til apríl 2013. Samþykktar voru þakkir til ritstjóra og umbrotsmanns fyrir góð störf.

11. Loftnetamál TF3IRA stöðuskýrsla.

Turneiningar, loftnet, rótor, loftnetkapall og stýriklapar er allt saman komið í Skeljanes. Eftir er að laga gamla loftnetið. Beðið er eftir hentugum tíma til að fá lyftu til útskiptingar á „kóaxskotti“. Önnur loftnet bíða, þ.á.m. endurnýjun 80 m spólu á Hustler 5-BTV stangarneti og uppsetning 80 m endafæddis vírloftnets.

12. Stuðningur félagssjóðs við rekstraraðila viðtækja yfir netið (framhaldsumræða).

Málið rætt. Blikur eru á lofti hvað það áhrærir að finna styrktaraðila (aðra en félagssjóð ÍRA). Samþykkt að vísa málinu til nýrrar stjórnar.

13. Önnur mál.

a. Endurnýjun FST á sérheimild á 1850-1900 kHz v. þátttöku í alþjóðl. keppnum 2023 (17.11.2022).

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) 18. nóvember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 1850-1900 kHz vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum á almanaksárinu 2023. G-leýfis-

hafar fá tímabundna heimild til að nota fullt afl, allt að 1kW. N-leýfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W.

b. Endurnýjun FST á sérheimild á 70 MHz fyrir almanaksárin 2023 og 2024 (17.11.2022).

ÍRA barst jákvætt svar frá Fjarskiptastofu (FST) 21. nóvember við ósk félagsins um endurnýjun heimildar til notkunar tíðnisviðsins 70.000-70.250 MHz. Núverandi heimild sem framlengd var 7.12.2020 [til 2 ára] rennur út 31.12.2022. Heimildin hefur nú verið endurnýjuð til næstu 2 ára, þ.e. til 31.12.2024.

c. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2022/23; þakkarávarp formanns.

Formaður, TF3JB þakkaði stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í málum sem varða félagið. Hann sagði m.a. að það væri erfitt að hugsa sér betri samstarfsmenn, sem hvorutveggja hafi verið virkir og áhugasamir. Hann sagðist vona af einlægni, að þeir sem nú ljúka sínu tímabili muni gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

d. Fyrirspurn um fjaraðgang.

Varaformaður, TF2LL sagðist hafa fengið fyrirspurn frá félagsmanna um hvenær fjaraðgangur að búnaði félagsstöðvarinnar yrði tilbúinn.

Í svörum formanns, TF3JB kom fram, að eins og fram hafi komið á félagsfundinum 10. nóvember s.l. sé stefnt að því að fjaraðgangur verði tilbúinn á næsta starfsári, 2023/24.

14. Næsti fundur stjórnar.

Dagsetning næsta fundar stjórnar (stjórnarskiptafundur) verður ákveðin eftir aðalfund.

15. Fundarslit.

Formaður sleit fundi 19:30 og stjórnarmenn klöppuðu og þökkkuðu samstarfið.

Fundargerð ritaði
Guðmundur Sigurðsson TF3GS
Ritari IRA

**Merkilegt útvarpstæki, Polar Twin Metal
Sigurður Harðarson, TF3WS**

Þetta litla útvarpsviðtæki var framleitt í Bretlandi árið 1925 og gengur aðeins fyrir rafhlöðum. Tengin ofan á kassanum við hlið lampanna eru fyrir loftnet og jörð og hin tvö H-megin fyrir heyrnartól. Hátalarar voru ekki almennt komnir á markað á þessum tíma. Tækið heitir „Polar Twin“ og var framleitt hjá Radio Communication Co. Ltd. í London.

Til eru tvær útgáfur, önnur með tveimur lömpum og útskiptanlegri spólu fyrir lang- og millibylgju. Þetta tæki er þriggja lampa með langbylgjuspólunni inni í kassanum. Það er því næmara sem nemur þriðja lampanum.

Árið 1926 hóf fyrsta útvarpsstöðin hér á landi útsendingar á vegum Ottós B. Arnar og var starfrækt í tvö ár. Þetta tæki hefur því verið notað til að hlusta á þá stöð. Ríkisútvarpið byrjaði ekki fyrr en 1930.

Saga tækisins er ekki þekkt nema að hluta. Það fannst í dóti frá radióáhugamanni sem nú er látinn, en annar áhugamaður, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS radióamatör, gaf mér tækið í safnið sem koma á upp og mun sýna sögu Íslendinga í útvarpstækni frá byrjun.

Þetta er mikill fengur, því lítið er til af tækjum frá því fyrir 1928 og er því með elstu tækjum sem ég hef fengið.

73 de TF3WS





Helstu DX keppnir 2023; maí-júlí

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu alþjóðlegar DX keppnir á tímabilinu maí, júní og júlí 2023. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess að sýna vefslóð inn á heimasíðu hvers keppni á netinu þar sem er að finna tæmandi upplýsingar.

Vefslóð: <https://www.contestcalendar.com/>

DAGSETN.	Tími	HEITI KEPPNI	MÓTUN	Bönd	SKILABOÐ (TF)
MAÍ 2023					
6.-7. maí	12:00-11:59	ARI International DX Contest	CW/SSB/RTTY	80-10M	RS(T) + raðnúmer
13.-14. maí	12:00-11:59	Volta WW RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST+raðnr.+CQ svæði
20.-21. maí	12:00-12:00	His Maj. King of Spain Contest	CW	160-10M	RST + raðnúmer
27.-28. maí	00:00-23:59	CQ WPX Contest, CW	CW	160-10M	RST + raðnúmer
JÚNÍ 2023					
10.-11. júní	12:00-12:00	Portugal Day Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + raðnúmer
17.-18. júní	00:00-23:59	All Asian DX Contest, CW	CW	160-10M	RST + aldur
17.-18. júní	15:00-14:59	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
24.-25. júní	12:00-12:00	His Maj. King of Spain Contest	SSB	160-10M	RS + raðnúmer
JÚLÍ 2023					
1.-2. júlí	14:00-14:00	Marconi Memorial HF Contest	RTTY	160-10M	RST + raðnúmer
8.-9. júlí	12:00-12:00	IARU HF World Championship	CW/SSB	160-10M	RS(T) + ITU svæði (TF=17)
22. júlí	10:00-21:59	YOTA Contest	CW/SSB	80-10M	RST + aldur
29.-30. júlí	12:00-12:00	RSGB IOTA Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T)+raðnúmer+IOTA nr.

Páskaleikar ÍRA 2023

Nú er komið að því sem allir hafa verið að bíða eftir.



Spennurinn að verða óbærilegur. Kjaftasögur á kreiki um að einhverjir radióamatörar séu að undirbúa stórsókn í næstu leikum. Nú þurfa allir sem vettlingi geta valdið að gera þeim þetta ekki auðvelt. Allir upp með græjurnar, upp á heiðar, fjöll og út í eyjar. Eða bara láta fara vel um sig heima í „sjaknum“. Frábært tækifæri til að prófa nýja dótið, eða gamla dótið. Það besta er, það þarf ekki að vera með rándýrar græjur. Einföld handstöð frá Kína er allt sem þarf til að vera með. Oft koma bestu sögunnar frá afrekum með litlum búnaði.

Endurvarpar halda áfram að vera með. Endurvarpar koma sem sér band í leikinn. Þetta kryddar leikinn, eykur möguleika handstöðva, örvar notkun endurvarpa og við lærum betur á útbreiðslu þeirra.

Eins og venjulega verður „online“ leikjavefur þar sem þátttakendur skrá sig til leiks. Hægt verður að skrá sig inn í leikinn allan tímann þangað til leikurinn endar. Slóðin á leikjavefinn er ... <http://leikar.ira.is/paskar2023> Endilega kíkið á vefinn, lesið leiðbeiningar og skráið ykkur til leiks. Þetta er ekkert mál. Svo eru allir til í að hjálpa. Óðinn, TF2MSN hefur verið duglegur að hjálpa eins og svo oft áður.

Blásið verður til leiks kl. 18:00 föstudaginn 7. apríl og leikurinn stendur til kl. 18:00 sunnudaginn 9. apríl. Hittumst í loftinu... á 23 cm, 70 cm, 2 m, 4 m, 6 m, 80 m og síðast en ekki síst – endurvarpar.

Muna að endurnýja leyfið á 4m ef það er útrunnið. Bara eitt Email á Fjarskiptastofu: hfh@fjarskiptastofa.is

73, TF8KY,
umsjónarmaður Páskaleika ÍRA



VETRARDAGSKRÁ ÍRA MARS-MAÍ 2023



MARS	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Annað
9. mars – fimmtudagur	Myndakvöld	DX leiðangur til miðafrikuríkisins Kongó; TL8AA	Óskar Sverrisson, TF3DC	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
12. mars – sunnudagur	Sunnudagsopnun	Allt um QSL kort radióamatöra	Mathías, TF3MH og Jónas, TF3JB	10:30-12:30	11:00	Kaffi/rúnstykki
16. mars – fimmtudagur	Erindi	Kynning á íslenskri framleiðslu útvarpsviðtækja	Sigurður Harðarson, TF3WS	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
18. mars – laugardagur	Laugardagsopnun	Tilraunir með útgeislun frá VHF loftnetum	Jón G. Guðmundsson, TF3LM	13:00-15:30	13:30	Kaffiveitingar
23. mars – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“ ¹	Námskeið/kynning fyrir nýja/eldri leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC	16:30-19:00	17:00	Kaffi/rúnstykki
23. mars – fimmtudagur	Erindi	Íslensku radióleikarnir; hagnýt ráð	Andrés Þórarinnsson, TF1AM	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
25. mars – laugardagur	Laugardagsopnun	Ódýrar lausnir til sendingar merkja um QO-100	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-15:30	13:30	Kaffiveitingar
30. mars – fimmtudagur	Erindi	Fjarstýring á amatörstöð yfir netið	Ágúst H. Bjarnason, TF3OM	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
APRÍL	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Annað
6. apríl – fimmtudagur	Almennur frídagur	Skírdagur	Félagsaðstaðan lokuð	-	-	-
7.-9. apríl – fö/lau/sun	Páskaleikar ÍRA	Föstudagur kl. 18:00 til sunnudags kl. 18:00	Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY umsjónamaður	-	-	-
13. apríl – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið/kynning fyrir nýja/eldri leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC	16:30-19:00	17:00	Kaffi/rúnstykki
13. apríl – fimmtudagur	Erindi	Stafræn merkjavinnsla fyrir radióamatöra	Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
15. apríl – laugardagur	Laugardagsopnun	Internet um gervitungl – ódýr valkostur (Starlink)	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	13:00-15:30	13:30	Kaffiveitingar
20. apríl – fimmtudagur	Almennur frídagur	Sumardagurinn fyrsti	Félagsaðstaðan lokuð	-	-	-
22. apríl – laugardagur	Laugardagsopnun	Þátttaka í alþjóðlegum keppnum erlendis frá	Sigurður R. Jakobsson, TF3CW	13:00-15:30	13:30	Kaffiveitingar
27. apríl – fimmtudagur	Erindi	Búnaður og aðferðir sem henta í SOTA	Einar Kjartansson, TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
29. apríl – laugardagur	Laugardagsopnun	Kynning á nýrri Elecraft K4D 160-6M stöð	Benedikt Sveinsson, TF3T	13:00-15:30	13:30	Kaffiveitingar
MAÍ	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesari – umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Annað
4. maí – fimmtudagur	Erindi	Ný lausn á rótorhúsi í loftnetsturni	Georg Magnússon, TF2LL	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
7. maí – sunnudagur	Flóamarkaður að vori	Félagar kaupa og selja stöðvar og búnað	Í umsjón stjórnar	12:00-17:00	13:00	Kaffiveitingar
11. maí – fimmtudagur	„Fyrstu skrefin“	Námskeið/kynning fyrir nýja/eldri leyfishafa	Óskar Sverrisson, TF3DC	16:30-19:00	17:00	Kaffi/rúnstykki
11. maí – fimmtudagur	Erindi	Samsetning á HF transistormagnara	Valgeir Pétursson, TF3VP	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
18. maí – fimmtudagur	Almennur frídagur	Uppstigningardagur	Félagsaðstaðan lokuð	-	-	-
25. maí – fimmtudagur	Erindi	Næsta kynslóð LEO/MEO gervitungla o.fl.	Heimir Þór Sverrisson, TF3ANT (W3ANT)	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

¹ “Fyrstu skrefin” eru hugsuð jafnt fyrir nýja sem eldri leyfishafa sem óska eftir tilsoðn/leiðbeiningum um hvernig best er að standa að því að fara í loftið. Um er að ræða einkatíma með reyndum leyfishafa sem kynnir grundvallaratriði og ríkjandi hefðir. Markmiðið er að leyfishafi öðlist öryggi í fjarskiptum. Rætt er um áhugamálið og spurningum svarað og að því búnu farið í loftið í fjarskiptaherbergi félagsins. Námskeiðið er einnig hugsað fyrir þá sem t.d. vilja komast í loftið á FT8, RTTY o.fl. en vantar e.t.v. leiðbeiningar. Tímasetning og yfirferð er samkvæmt samráði félagsmanns og leiðbeinanda – en ef þörf er á að menn hittist aftur, er það í boði. Skráning hjá Óskari Sverrissyni, TF3DC í síma 862-3151 eða með tölvupósti; oskarsv hjá internet.is